

**KRÖFULÝSING**  
**FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA**  
**F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS**  
**UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 12,**  
**EYJAR OG SKER**

**HLUTI A**  
**SUÐURLAND**

## EFNISYFIRLIT

1.	ALMENN ATRÍÐI .....	3
2.	UM FRAMSETNINGU KRÖFULÝSINGAR OG KRÖFUGERÐAR.....	4
3.	ALMENNT UM HLUTA A, SUÐURLAND .....	6
3.1.	Afmörkun kröfusvæðis .....	6
3.2.	Sveitarfélög á kröfusvæðinu .....	6
4.	HLUTI A, SUÐURLAND .....	6
4.1.	Árnessýsla .....	6
4.2.	Vestmannaeyjasýsla .....	6
4.3.	Rangárvallasýsla.....	35
5.	KRÖFUSVÆÐI OG KRÖFUGERÐ .....	35
5.1.	Almennt.....	35
5.2.	Nafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins .....	36
5.3.	Ónafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins .....	39
5.4.	Utan kröfu íslenska ríkisins .....	39
6.	ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI.....	40

**KRÖFULÝSING  
FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA  
F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS  
UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 12,  
EYJAR OG SKER**

**HLUTI A  
SUÐURLAND**

**1. ALMENN ATRIÐI**

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 19. apríl 2023, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka til meðferðar svæði 12, Eyjar og sker. Var íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 31. ágúst 2023. Var fresturinn framlengdur að beiðni íslenska ríkisins, til 1. desember 2023, 1. febrúar og loks til 2. febrúar 2024.

Málsaðili: Aðild að þessu máli á fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, f.h. íslenska ríkisins, sbr. 2. og 11. gr. laga nr. 58/1998. Samkvæmt 2. gr. laganna er íslenska ríkið eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum, sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Í 11. gr. laganna er lögð sú skylda á fjármálaráðherra að hann fari með fyrirvar fyrir hönd íslenska ríkisins og stofnana á vegum þess, vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendna. Fyrirvar þetta er einnig talið ná til eignarlanda ríkisins á þjóðlendumörkum.

Fyrirvar: Lögmenn íslenska ríkisins í máli þessu eru Edda Björk Andradóttir, kt. 280676-5199, edda@juris.is, og Andri Andrason, kt. 120284-2749, andriandra@juris.is, Juris slf., Borgartúni 26, Reykjavík, sími 580-4400.

Afmörkun kröfusvæðis: Svæði 12, Eyjar og sker, afmarkast með eftirfarandi hætti, sbr. bréf óbyggðanefndar dags. 19. apríl 2023:

*Málsmeðferðin tekur til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru innan eftirfarandi afmörkunar: Í fyrsta lagi á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landbelginnar umhverfis meginlandið, Grímsey og Hvalbak skv. 1. mgr. 1. gr. laga um landbelgi, aðlægt beltí, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Í öðru lagi innan landbelgismarka umhverfis Kolbeinsey samkvæmt sömu málsgrein.*

## 2. UM FRAMSETNINGU KRÖFULÝSINGAR OG KRÖFUGERÐAR

Kröfulýsingu fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, á svæði 12 hefur verið skipt í eftirfarandi átta hluta:

HLUTI A, SUÐURLAND

HLUTI B, AUSTURLAND

HLUTI C, NORÐURLAND EYSTRÁ

HLUTI D, NORÐURLAND VESTRA

HLUTI E, VESTFIRÐIR UTAN BREIÐAFJARÐAR

HLUTI F, BREIÐAFJÖRÐUR

HLUTI G, VESTURLAND UTAN BREIÐAFJARÐAR

HLUTI H, SUÐVESTURLAND

Framsetningu kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12, Eyjur og sker, er ekki háttað með sama hætti og verið hefur í fyrri málum óbyggðanefndar.

Svæði 12, eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd, hefur verið skipt niður í framangreinda átta hluta eftir landshlutum og er sérstök kröfulýsing fyrir hvern og einn þeirra. Þótt sýslur séu ekki lengur gildar stjórnslueiningar á Íslandi er landshlutunum átta skipt upp eftir sýslum. Í hverri og einni kröfulýsingu er þannig fjallað um þann hluta hafsvæðis sem liggur að nánar tilteknum sýslum. Ástæða þessarar skiptingar er umfang svæðis 12, eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd, en svæði 12 tekur til alls hafsvæðis umhverfis meginland Íslands, Grímsey og Kolbeinsey, frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins til ytri marka landhelginnar.

Svæði 12 er einnig skipt með þessum hætti vegna umfangs yfirfarinna heimilda. Yfirferð heimilda vegna svæðisins var eðli málsins samkvæmt sérstaklega umfangsmikil enda taldist nauðsynlegt að fara yfir heimildir er tóku til alls svæðisins, sem og meginlandsins. Jarðabækur Árna Magnússonar og Páls Vídalín voru þannig allar yfirfarnar, sem og allar landamerkjabækur, sýslu- og sóknarlýsingar, og jarða- og fasteignamat fyrir allt landið. Tæplega sextíu Árbækur Ferðafélags Íslands, sem og tugir sérstakra heimilda um eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofan sjávar, voru jafnframt yfirfarnar. Heimildaskráning vegna svæðis 12 er vel yfir þúsund blaðsíður. Framangreind skipting svæðis 12 einfaldar framsetningu allra þessara heimilda.

Framsetning kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12 er jafnframt frábrugðin því sem verið hefur í fyrri málum að því leyti að kröfugerð ríkisins tekur bæði til fjölda nafngreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga og til ótilgreinds fjölda ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga.

Þessi framsetning skýrist af því að málsmeðferð á svæði 12 tekur til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru. Fjölmörg hugtök eru notuð um slíkar landfræðilegar einingar, s.s. hólmar, flögur, boðar, drangar, rif, klettur, annes. Þrátt fyrir skýringar í orðabók getur reynst erfitt að heimfæra þessi hugtök á hinar mismunandi landfræðilegu einingar ofansjávar á stórstraumsfjöru. Fjöldi eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga umhverfis Ísland liggur ekki fyrir. Það eru því ekki bara eyjarnar á Breiðafirði sem eru ótaldar. Við undirbúning kröfugerðar þessarar varð hins vegar ljóst að einungis *nafngreindar* landfræðilegar einingar ofansjávar eru taldar í þúsundum.

Við gerð kröfulýsingar var ákveðið að skipta eyjum, skerjum og öðrum landfræðilegum einingum ofansjávar í þrjá flokka. Fyrst eru það eyjur sem eru eða hafa verið í byggð. Þá nafn- og ónafngreindar eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa tengsl við tiltekna jarðir. Loks eru það eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa óljós eða engin tengsl við jarðir á meginlandinu.

Í mörgum tilvikum er um að ræða eyjaklasa, en stærstu eyjaklasana við Ísland er að finna á Breiðafirði en Vestmannaeyjar eru einnig eyjaklasi. Þegar um slíka eyjaklasa er að ræða er í heimildum oftast vísað til tiltekinnar eyju sem heimaeyjar eða heimalands, en til annarra landfræðilegra eininga sem úteyja o.þ.h.

Með hliðsjón af þessum fjölda eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar við Ísland, og sérstöðu svæðisins gagnvart öðrum kröfusvæðum sem óbyggðanefnd hefur þegar fjallað um, er ljóst að ekki var unnt að beita hefðbundnum aðferðum við framsetningu kröfulýsingar.

Framsetning kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12 er því með þeim hætti, sem fyrr segir, að lýst er þjóðlendukröfu í allar eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar, bæði nafngreindar og ónafngreindar, sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hvers hluta kröfulýsingar, en að undanskildum þeim tilgreindu eyjum, skerjum og öðrum landfræðilegu einingum sem tekið er fram að ekki sé gerð krafa til. Má hér segja að beitt sé *útilokunaraðferð*, þar sem svæði sem talin eru undirorpin beinum eignarrétti á grundvelli fyrirbyggjandi heimilda eru útilokuð, en lýst er þjóðlendukröfu í öll önnur svæði.

Til nánari skýringar hér að lútandi vísast til kafla 5 í kröfulýsingu þessari. Þar er í kafla 5.1 fjallað almennt um málsástæður og röksemdir ríkisins til stuðnings þjóðlendukröfum. Í kafla 5.2 er síðan fjallað um þær nafngreindu eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem þjóðlendukrafa tekur til. Í kafla 5.3 er síðan áréttað að ónafngreindar eyjar, sker og landfræðilegar einingar falli jafnframt innan þjóðlendukröfu. Þá er í kafla 5.4 getið um þær eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem þjóðlendukrafa tekur ekki til.

Til viðbótar framangreindu má geta þess að framsetning kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12 er jafnframt frábrugðin því sem verið hefur að því leyti að þau svæði (eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar) sem þjóðlendukrafa tekur til eru ekki afmörkuð af kröfupunktum og -línur. Ástæða þessa er framangreindur fjöldi þeirra svæða sem þjóðlendukrafa tekur til og sú staðreynd að nokkur hluti þeirra svæða sem þjóðlendukrafa tekur til er ónafngreindur og óstaðsettur. Þá er það í langflestum tilvikum svo að þjóðlendukrafa tekur til alls þess svæðis sem um ræðir hverju sinni, þ.e. allrar viðkomandi eyju, alls skersins o.s.frv. Af þessum sökum er aðeins notast við kröfupunkta- og línur til afmörkunar þegar svo háttar til að gerð er þjóðlendukrafa til afmarkaðs hluta eyju.

### 3. ALMENNT UM HLUTA A, SUÐURLAND

#### 3.1. Afmörkun kröfusvæðis

Hluti A liggur að eftirfarandi sýslum:

*Árnessýsla*

*Vestmannaeyjasýsla*

*Rangárvallasýsla*

*Vestur-Skaftafellsýsla*

#### 3.2. Sveitarfélög á kröfusvæðinu

Þau sveitarfélög sem liggja að hluta A eru eftirfarandi:

##### Sveitarfélagið Ölfus

Sveitarfélagið Ölfus var áður Ölfushreppur. Þéttbýliskjarnar eru tveir; Þorlákshöfn og Árbæjarhverfi (utan við Selfoss). Íbúar sveitarfélagsins voru 2.573 árið 2023.

##### Sveitarfélagið Árborg

Sveitarfélagið Árborg varð til 7. júní 1998 með sameiningu fjögurra sveitarfélaga; Selfossbæjar, Eyrarbakahrepps, Stokkseyrarhrepps og Sandvíkurhrepps. Þéttbýliskjarnar eru fjórir; Selfoss, Eyrarbakki, Stokkseyri og Tjarnarbyggð. Íbúar sveitarfélagsins voru 11.239 árið 2023. Þeir hlutar sveitarfélagsins sem liggja að sjó eru Eyrarbakahreppur og Stokkseyrarhreppur.

##### Flóahreppur

Flóahreppur er hreppur í austanverðum flóa. Hann varð til 10. júní 2006 við sameiningu þriggja hreppa; Hraungerðishrepps, Villingaholtshrepps og Gaulverjabæjarhrepps, sem allir liggja að sjó. Enginn byggðakjarni er í hreppnum en íbúar sveitarfélagsins voru 608 árið 2023.

### 4. HLUTI A, SUÐURLAND

#### 4.1. Árnessýsla

Ekki hafa fundist heimildir um eyjur, sker eða aðrar landfræðilegar einingar ofansjávar innan þess hluta kröfusvæðisins sem liggur að Árnessýslu.

#### 4.2. Vestmannaeyjasýsla

##### 4.2.1. Heimildir um eyjur í byggð

*Heimildir um Vestmannaeyjar*

Í Landnámabók segir eftirfarandi um Vestmannaeyjar:

En et næsta sumar eptir fóru þeir austan ok prestr sá es Þormóðr hét, ok kvómu þá í Vestmannaeyjar, es tíu vikur váru af sumri, ok hafði allt farizk vel at.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 15.

Hjorleifr lét þar gera skála tvá, ok er onnur tóptin átján faðma, en onnur níttján. Hjorleifr sat þar um veturinn. En um vart vildi hann sá; hann átti einn uxa, ok lét hann þrælana draga arðrinn. En er þeir Hjorleifr váru at skála, þá gerði Dufþakr þat ráð, at þeir skyldu drepa uxann ok segja, at skógarbjorn hefði drepit, en síðan skyldu þeir ráða á þá Hjorleif, ef þeir leitaði bjarnarins. Eftir þat sagðu þeir Hjorleifi þetta. Ok er þeir fóru at leita bjarnarins ok dreifðusk í skóginn, þá settu þrælarnir at sérhverjum þeira ok myrðu þá alla jafnmarga sér. Þeir hljópu á brutt með konur þeira ok lausafé ok bátinn. Þrælarnir fóru í eyjar þær, er þeir sá í haf til útsuðrs, ok bjoggusk þar fyrir um hríð.<sup>2</sup>

Ingólfr gekk þá upp á hofðann ok sá eyjar liggja í útsuðr til hafs; kom honum þat í hug, at þeir mundu þangat hlaupit hafa, því at bátrinn var horfinn; fóru þeir at leita þrælanna ok fundu þá þar sem Eið heitir í eyjunum. Váru þeir þá at mak, er þeir Ingólfr kómu at þeim. Þeir urðu felmtsfullir, ok hljóp sinn veg hverr. Ingólfr drap þá alla. Þar heitir Dufþaksskor, er hann lézk. Fleiri hljópu þeir fyrir berg, þar sem við þá er kennt síðan. Vestmannaeyjar heita þar síðan, er þrælarnir váru drepnir, því at þeir váru Vestmenn.<sup>3</sup>

Í sóknarlýsingu Vestmannasóknar frá árinu 1873, segir m.a.:

Vestmannaeyjar kallast einu nafni eyjaklasi sá (alls 14 eyjar stórar og smáar), er liggur hjerumbil 2 vikur sjávar suður undan Landeyjasandi í Rángárvallasýslu. Aðeins hin stærsta af eyjum þessum, er nefnist Heimaey, er byggð og er hún hin eiginlega Vestmannaeyjasókn.<sup>4</sup>

Eins og áður er getið, er aðeins Heimaey byggð, en auk hennar teljast til Vestmannaeyja 13 aðrar eyjar:<sup>5</sup>

- a. Erlindsey (alment nefnd Ellirey). [...]
- b. Bjarnarey [...]
- c. Suðurey. [...]
- d. Brandur [...]
- e. Álfsey (eða Álsey) [...]
- f. Hellisey. [...]
- g. Geldúngur. [...]
- h. Súlnasker. [...]
- i. Geirfuglasker, einnig nefnt Freikja [...]
- j. Smáeyjarnar: Hæna [...]
- k. [Smáeyjarnar] Hani [...]
- l. [Smáeyjarnar] Hrauney [...]
- m. Grasleysa [...]

Ennfremur má geta dránga þess, er kallast Örn [...].<sup>6</sup>

<sup>2</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 43.

<sup>3</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 44-45.

<sup>4</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 15.

<sup>5</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 20-5.

<sup>6</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 25.

Þá segir jafnframt í sóknarlýsingunni:

Um allar þær jarðir, sem hjer að framan eru nefndar, er það að segja, að þeim fylgir heyskapur, nokkurn veginn eftir jarðarmagni, þannig að hver einbýlisjörð gæti með góðri rækt fódrað svo sem 1 kú með því heyi, er fæst af túninu; en allmargar þeirra eiga og tiltölu til heyskapar, sumar í Heimakletti, og sumar í úteyjunum Ellirey og Bjarnarey. Er þessi úteyjaheyskapur næsta erfiður og kostnaðarsamur. Á Ofanleiti fæst alt að því 4 kúafóður. Allar eiga þessar jarðir (að fráteknum Yzta-kletti) tiltölu til hagbeitar, til jafnaðar fyrir 1 hest, hver um sig, og 12 sauði á Heimaeyju, sem að því er hagbeit snertir er óskipt land; ennfremur eiga þær beitar ítölu í úteyjum þeim, er undir þær liggja, minst fyrir 6, en mest fyrir 16 sauði eða fullorðnar kindur. Ei verður sagt, að jarðir hjer liggja undir neinum áföllum, enda verður ei sagt að þær gangi neitt af sjer: aftur hafa stöku jarðir tekið nokkrum bótum, að því er snertir tún þeirra, er sumpart hafa töluvert verið sljettuð, sumpart úr færð, og á það sjer einkum stað um Ofanleiti og Stakkagerði.<sup>7</sup>

Öll þessi tómthús (nema Garðar, er standa við Kirkjubæ) liggja í grend við verstlunarstaðina; þeim fylgja öllum kálgarðar, en eigi hafa þau að öðru leyti tiltölu til neinna jarðarínytja, nema að því leyti, að þeir er búa í torftómthúsum mega skera torf eftir þörfum, og gerist þeim að greiða 60 fiska í lóðartoll, en þeir er búa í timburtómthúsum hafa engan rjett til torfskurðar; gjalda þeir aðeins 32 fiska. Eru timburtómthús alls 12 að tölu. Allmargir þeirra, er í tómthúsum búa, eru og jafnframt leiguliðar á einhverri af áðurnefndum jörðum, heilli eða hálfri.<sup>8</sup>

Ekki eru hjer neinar selstöður. Ekki eru hjer nein afrjettarlönd í vanalegum skilningi. En eins og áður er á vikið eru almenningshagar á Heimaeyju. Í úteyjunum er högum þannig skipt niður, að í Ellirey eiga hagbeit: Kornhóll, Miðhús, Gjabakki, Oddsstaðir, Presthús, Búastaðir, Stóragerði, Norðurgarður, Steinstaðir og Þorlaugargerði. Í Bjarnarey svo og smáeyjunum Hana og Hrauney: Ofanleiti, Svaðkot, Gvendarhús, Brekkhús og Draumbær. Í Suðurey og Heima- og Miðkletti: öll Vilborgarstaðatorfa. Í Suðurey enn fremur og Brandi: Kirkjubær. Í Álfsey: Ólafshús, Nýibær, Vesturhús, Dalir og Stakkagerði. Hagbeit í Yzta-kletti tilheyrir sjerstaklega sýslumanninum.<sup>9</sup>

Auk áður talinna hlynninda hjer á eyju má telja eggjatekju (svartfuglaegg); ei verður því nafn gefið að hjer sé æðarvarp, með því aðeins hittist hjer eitt og eitt hreiður, og engin líkindi eru til, að hjer yrði á komið æðarvarpi, þar ei er unt að friða það. Í flestum árum verður hjer rekavart, en öll rekasvæði, að frátekinni Klettsvík, er sýslumanni tilheyrir, eru óskift og hefur enginn fremur öðrum rjett til rekans; aðeins 3 álna trje og þaðan af styttri tilheyrja þeim, er finnur og bjargar, hvort sem hann á heima hjer á eyju eða ekki. Öll stærri trje selur umboðsmaður eyjanna við opinbert uppboð, og er þeim, er finna og

<sup>7</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 33-34.

<sup>8</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 34.

<sup>9</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 34-35.



bjarga trjánum, áskilið nokkuð af andvirði þeirra í bjarglaun. Söl og fjörugrös vaxa hjer að ráði sem þeirra sje aflað. Mótak hefur hjer fyrir fáum árum verið upp tekið, en lítt nýtt, og er það nú þrotið. Hvanntekja er hjer töluverð einkum á svonefndri >Dufþekju< norðan í Heimakletti og er hún stunduð ár hvert, helst fyrra part vetrar af þeim, er eiga tiltölu í Heimakletti. Krækjuber vaxa hjer allvíða, og tína menn þau sjer til sælgætis.<sup>10</sup>

Í Göngum og réttum<sup>11</sup> er fjallað um lögsöfn og réttir á heimalandi og í úteyjum Vestmannaeyja. Þar segir m.a. um heimaland:

Í Vestmannaeyjum var almenningur, og haglönd á Heimalandi (Heimaey) sameign eyjabænda, er voru allir skyldir til að taka þátt í lögsöfnum héraðsins og sáu hreppstjórar um köllunina í safn og réttastjórn. Hins vegar var sá háttur, að úteyjarnar heyrðu undir vissar jarðir og skiptist hver ey jafnt til hagagöngu milli jarðanna í sama leigmála, en þær voru venjulega 8 og flest 16 um eina útey. Í úteyjarnar var farið til smölunar vor og haust nokkrum sinnum og fylgt fötum, gömlum venjum og reglum. Köllunin og umönnun öll í sambandi við réttir, var falin einum eða tveim bændum í sameigninni, venjulega þeim sömu ár frá ári. Í fjallskilareglugerð var fyrirskipað um lögsöfn voru og haust á Heimalandi. Aukasöfn auglýst við kirkju eða í auglýsingakassa í Skipasandi, ef þurfti. Aukasöfnin voru helzt í sambandi við úteyjaferðir. Hverjum jarðarbónda var skylt að leggja til gildan mann í safn.<sup>12</sup>

Aftekinn er eftir 1927, er skipt var öllu beitarlandi á Heimalandi, hinn forni réttur til vissrar fjártölu í haga fyrir hverja jörð. Sauðfé er nú aeins haft á Heimalandi í fjöllunum og þau girt. Öll lögsöfn eru fallin niður og almenningurinn aflagður.<sup>13</sup>

Almenningurinn var á Eiðinu vestast, nær undir Hlíðarbrekkum.<sup>14</sup>

Upp úr aldamótunum mun sauðféð í Vestmannaeyjum hafa verið upp undir eða um 2000 á haustin að lömbum meðtöldum. Fyllti Heimalandsféð tvisvar almenninginn, er réttað var. Í úteyjum mun fjártalan hafa komizt upp undir eða um 1000 fjár.<sup>15</sup>

Tilskipun um sauðfjárhald í Vestmannaeyjum var sett 13. maí 1783. Var þá haglendi öllu á Heimalandi skipt í fernt, og fráfarur teknar upp, er ekki höfðu verið hér lengi. Ofanleitisjarðir fengu Kinnina og Steinsstaðaheiði og syðsta hluta Hraunsins út á Hamar. Kvíarnar frá þessum jörðum voru þar, sem ennþá heitir Staðarstekkir suður við Borg. Kirkjubæjarjarðir, Oddsstaðir eystri og vetri, Bústaðir eystri og vestri, Presthúsin bæði og Ólafshús hlutu Sæfjall með Haugum út á Foldir og Litlhöfða. Heitir enn Kvíalág suður af Kirkjubæ, þar sem kvíarnar voru. Sést vel móta fyrir þeim. Vilborgarstaðir, Miðhús, Kornhóll

<sup>10</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 35.

<sup>11</sup> Göngur og réttir IV, Bragi Sigurjónsson (1952), bls. 321 o.áfr.

<sup>12</sup> Göngur og réttir IV, Bragi Sigurjónsson (1952), bls. 321.

<sup>13</sup> Göngur og réttir IV, Bragi Sigurjónsson (1952), bls. 322.

<sup>14</sup> Göngur og réttir IV, Bragi Sigurjónsson (1952), bls. 325.

<sup>15</sup> Göngur og réttir IV, Bragi Sigurjónsson (1952), bls. 325-326.

og Gjábakki eystri og vestri fengu norðurhluta Hraunsins og Herjólfssdal með Torfmýri og landið norður af Helgafelli. Kvíarnar voru vestur af Brimhólum. Þar stóð gamla fjárborgin, stór og rambyggileg, steinhlaðin, þar til fram um aldamótin síðustu. Vesturhúsin, Nýibær, Stóragerði, Dalir og Stakkagerði eystra og vestra höfðu vesturhluta Helgafells, Flaktir, Agðir og Dalaheiði. Kvíar í Helgafellsdal, að því er talið er. Annað gamalt kvíastæði er og þar alllangt suður af, suðaustur af Drjúpadal. Lömbin voru sett í Stórhöfða.<sup>16</sup>

Af landi var flutt haust og vor mikið af fé út í Vestmannaeyjar, var það oft sett í úteyjar til að fíta það. Lengi voru Vestmannaeyjar sjálfum sér nógar um kjöt til neyzlu og ull til fatnaðar, þó að breyting sé orðin á þessu nú.<sup>17</sup>

Úteyjarnar voru eiginlegir afréttir Vestmannaeyjabænda, en sauðfé gekk þar úti sjálfala vetur og sumar. Smöln í úteyjum önnuðust sameignarbændur. Var kosinn köllunarmaður og réttarstjóri fyrir hverja ey, en þær lágu undir vissar jarðir eins og áður segir.<sup>18</sup>

Vestmannaeyjar voru konungseign fram til ársins 1874 en frá þeim tíma urðu jarðeignir konungs á Íslandi þjóðjarðir. Með afsali dags. 23. ágúst 1960 afsalaði íslenska ríkið Vestmannaeyjum til Vestmannaeyjakaupstaðar. Söluverðið var kr. 1.000.000.<sup>19</sup>

Með afsalinu, seldi landbúnaðarráðherra og afsalaði „öllu landi í Vestmannaeyjum“ með þeim takmörkunum og skilyrðum er koma fram í afsalinu. Þar segir að undanskilið sölu sé eftirfarandi:

1. Prestssetursjörðin Ofanleiti, en verði prestssetur á jörðinni lagt niður á kaupandi rétt til að fá keypt land jarðarinnar fyrir hlutfallslega sama verð og annað land Vestmannaeyja er selt með afsalsbréfi þessu, enda kaupi kaupandi hús á jörðinni samtímis, verði þess óskað af seljanda, og láti seljanda til eignar lóð undir pressetur annarsstaðar.
2. Vitajörðin Stórhöfði.
3. Lóð undir hús bæjarfógetaembættisins (Tindastóll) og lóð undir fangahús.
4. Núverandi flugvallarland, auk þess land undir væntanlega þverbraut að stærð 20 ha.
5. Einstaklingar, félög og stofnanir, sem fengið hafa á leigu lóðir eða landspildur í Vestmannaeyjum, halda réttindum sínum samkvæmt paraðlútandi samningum.

Þá segir einnig í afsalinu að namar og námarréttindi í hinu selda landi séu undanskilin sölu, svo og jarðhitaréttindi, nema til notkunar fyrir bæjarfélagið. Þá er kaupanda óheimilt að selja hið keypta land, hvort sem er hluta af því eða það allt. Jafnframt kemur fram að kaupanda sé skylt að afsala ríkinu byggingarlóðir á kostnaðarverði, þurfi ríkið eða ríkisstofnanir á því að halda.

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns dags. 13. desember 2024 er aðdragandi þess að Vestmannaeyjar urðu ríkiseign og sölu ríkisins á Vestmannaeyjum rakinn. Í minnisblaðinu segir um það þegar Vestmannaeyjar urðu ríkiseign:

<sup>16</sup> Göngur og réttir IV, Bragi Sigurjónsson (1952), bls. 327.

<sup>17</sup> Göngur og réttir IV, Bragi Sigurjónsson (1952), bls. 330-331.

<sup>18</sup> Göngur og réttir IV, Bragi Sigurjónsson (1952), bls. 331-332.

<sup>19</sup> Afsal, dags. 23. ágúst 1960.

Umboð eða þær jarðeignir konungs á Íslandi sem voru í umboði urðu Þjóðjarðir frá árinu 1874. En það ár fékk Ísland stjórnarskrá. Vestmannaeyjar voru ekki umboð heldur tilheyrðu beint undir konung. Í bænaskrá úr Vestmannaeyjum frá júní 1873 er talað um hið „konunglega jarðagózi á Vestmannaeyjum.“ Í frumvarpi til laga um breytingu á landskuldargjaldinu í Vestmannaeyjum kemur fram: „jarðir og tómthús á Vestmannaeyjum, sem eru eign landssjóðsins.“ Þetta frumvarp var fyrst tekið fyrir 9. júlí 1875. Vestmannaeyjar urðu þannig ríkiseign eins og aðrar jarðeignir konungs á Íslandi árið 1874.<sup>20</sup>

Þá segir í minnisblaðinu um aðdraganda þess að Vestmannaeyjar urðu eign Vestmannaeyjakaupstaðar:

Í gjörðabók bæjarstjórnar Vestmannaeyja kemur fram að 17. nóvember 1959 samþykkti bæjarstjórnin „að fela bæjarstjóra að láta athuga hvort fjárhagslega hagkvæmt sé og eðlilegt að bæjarstjórn fari fram á við Alþingi að kaupstaðurinn eignist bæjarlandið eða land allt hér á heimaey.“ Hinn 22. febrúar 1960 kom tillaga fram Guðlaugs Gíslasonar bæjarstjóra þar sem hann lagði til „að bæjarstjórn samþykki að fara fram á við Alþingi að fá landið keypt.“ Hinn 22. júlí 1960 samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja „að kaupa land allt í Vestmannaeyjum af ríkissjóði Íslands“ á grundvelli laga sem samþykkt voru á Alþingi 29. apríl 1960. Lög nr. 22/1960 um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem þá var í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum tóku gildi 10. maí 1960. Í skrá yfir þinglýsingar er afsalið nr. 569, gert 23. ágúst 1960 milli ríkissjóðs Íslands og Vestmannaeyjakaupstaðar fyrir Vestmannaeyjum. Afsalið var fært inn í afsals- og veðmálabók 17. nóvember 1960.<sup>21</sup>

Heimaey er eina byggða eyjan í Vestmannaeyjaklasanum. Í umfjöllun í Jarðabók um Heimaey sjálfa og einstakar jarðir þar, eru tilgreind réttindi í Heimaeynni sjálfri sem og nafn- og ónafngreindum („eyjar“ og „úteyjar“) eyjum og skerjum í Vestmannaeyjaklasanum. Það er þó rétt að geta þess að í einhverjum tilvikum kann tilvísun til „eyja“ að eiga við um réttindi á Heimaeynni sjálfri. Það sama á við varðandi umfjöllun um einstakar jarðir í jarðamati 1804 og fasteignamati 1916-1918, sbr. minnisblað Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 15. janúar 2024, sem og aðrar heimildir.

Þá er rétt að nefna að til Smáeyja heyrar: Hæna, Hani, Hrauney og Grasleysa.

#### 4.2.1.1. Heimaey

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín<sup>22</sup> eru eftirfarandi jarðir á Heimaey við ritun hennar. Eru hér tilgreind réttindi þeirra á Heimaeynni sjálfri, eftir því sem við á.

##### 4.2.1.1.1. Kornbóll

<sup>20</sup> Minnisblað Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 13. desember 2023; Vestmannaeyjar.

<sup>21</sup> Minnisblað Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 13. desember 2023; Vestmannaeyjar.

<sup>22</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi).

Í Jarðabók segir m.a. um Kornhól:

Item í Ytsta klett: 43 ær, 24 sauder veturgamler, 3 hrutar, sidan í haust. [...] Hier fyrer utan ætur umbodsmadurinn slá í Ytsta klett, vedur það stundum 1 kyrfodur, stundum minna. Kornhol fylger allur Ytste klettur [...]. Ytste klettur er og hefur vered halldenn 50 sauda beit.<sup>23</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804:

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Kornhóll sé konungsjörð með Ysta-Kletti og hafi þar fjöður- og eggjatekju.

Í minnisblaðinu kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918:

Jörðin hefur hagbeit fyrir 15 sauði í Elliðaey en á heimalandi fyrir kýr, hest og 12 sauðkindur sameiginlegt „fyrir allar jarðir í Vestmannaeyjum.“ [...]

#### 4.2.1.1.2. Miðhús

Í Jarðabók segir m.a. um Miðhús:

Item í uteyum, 8 ær, 3 sauder tvævetrer (í haust ed var), 1 3vetur, 2 lömb.<sup>24</sup>

#### 4.2.1.1.3. Gjábakki

Engar heimildir hafa fundist um Gjábakka.

#### 4.2.1.1.4. Vilborgarstaðir

Í Jarðabók segir m.a. um Vilborgarstaði:

Í Heima klett og uteyum (er þangad var latid í haust) 15 ær, 4 sauder þrevetrer, 5 tvævetr, 6 veturgamler. [...] Í Heimaklett 4 ær og lömb er þangad sett voru í haust. [...] Item í eyum 15 ær, 1 saudur 3vetur, 1 saudur 2vetur, 2 veturgamler, 8 haustlömb. [...] Í Heimaklett í haust 1 ær, 1 lamb.[...] 1 ær heima; önnur í Heimaklett. [...] Heyskap eiga Vilborgarstadamenn í Heimaklett, sem árlega svara kann gilldu kyrfodre, enn heyed seigest að vera æred kostliett, og heyskapurinn ur máta ördugur, sökum hættrar og tæprar kletta gaungu. [...] Vilborgarstaudum fylger Heimaklettur og Midklettur (sem samfaster eru og 40 sauda beit).<sup>25</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804:

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Heimaklettur og Miðklettur fylgi Vilborgarstöðum.

<sup>23</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 3.

<sup>24</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 4.

<sup>25</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 5.

Í minnisblaðinu kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918:

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Vilborgarstaðir sé þjóðjörð og skiptist í átta jarðir (heimili). Þar segir að allar jarðirnar hafi hagbeit fyrir 18 sauði í Heimakletti og Suðurey. Einnig hafi þær fulgatekju og eggver sem nema, að frádregnum kostnaði, um 38 króna ársarði. Hagbeit er sameiginleg á heimalandi fyrir kú, hest og 12 sauðkindur frá hverri jörð.

#### 4.2.1.1.5. *Kirkjubær*

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Kirkjubær sé þjóðjörð og skiptist hún í níu jarðir (heimili). [...] Hagbeit er sameiginleg í heimalandi fyrir kú, hest og 12 sauðkindur frá hverri jörð.

#### 4.2.1.1.6. *Presthús*

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918:

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Presthús eystri og vestari séu þjóðjarðir. Skýrt er frá því að fjárbeit sé í Elliðaey fyrir 15 sauði. Þar og í Hellisey og á Stórhöfða er fuglatekja og eggver sem nemur, að frádregnum kostnaði, 62 króna ársarði. Hagbeit er sameiginleg í heimalandi fyrir kú, hest og 12 sauðkindur frá hverri jörð.

#### 4.2.1.1.7. *Oddstaðir*

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918:

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Oddstaðir séu þjóðjörð. [...] Einnig sé fuglatekja og eggver í Elliðaey, Hellisey og Stórhöfða sem nemur, að frádregnum kostnaði, um 62 krónu ársarði. Hagbeit er sameiginleg í heimalandi fyrir kú, hest og 12 sauðkindur frá hverri jörð.

#### 4.2.1.1.8. *Búastaðir*

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Búastaðir séu konungsjörð.

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Búastaðir eystri og vestari séu þjóðjarðir. Fjárbeit er í Elliðaey fyrir 15 sauði, einnig fuglatekja og eggver þar ásamt Hellisey og Stórhöfða sem nemur, að frádregnum kostnaði, 62 krónu ársarði. Hagbeit er í heimalandi fyrir kú, hest og 12 sauðkindur frá hverri jörð.

#### 4.2.1.1.9. *Vesturbús*

Í Jarðabók segir m.a. um Vesturhús:

Item í eyum 3 ær, 2 sauder veturgamler í haust ed var, 2 lömb. [...] Jörden a einga saudabeit í uteyum, enn almenn sögn gamallra manna er að hun eige, fyrer utan sina ítölu, beit í heimalande (heimaeyunne), sumir seigja um vetur alleina, sumer sumar og vetur. Enn eingenn þikest vist vita hvad margra sauda bei þetta sie, eda vera eige.<sup>26</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918:

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Vesturhús eystri og vestari séu þjóðjarðir. Sauðbeit er í Álfsey og einnig fuglatekja og eggver þar ásamt í Grasleysu, Stórhöfða og Erni sem nemur, að frádregnum kostnaði, 42 krónu ársarði. Sameiginleg hagbeit er í heimalandi fyrir kú, hest og 12 sauðkindur.

#### 4.2.1.1.10. Ólafshús

Í Jarðabók segir m.a. um Ólafshús:

Í eyum 14 ær, 5 sauder gamler, 3 sauder þrevetrer, 4 tvævetrer, 3 veturgamler, 10 lömb.<sup>27</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918:

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Ólafshús sé þjóðjörð. Sauðbeit er fyrir 15 kindur í Álfsey en einnig er fuglatekja þar og í Dal fjalli sem nemur um, að frádregnum kostnaði, 50 krónu ársarði. Sameiginleg hagbeit er í heimalandi fyrir kú, hest og 12 sauðkindur frá hverri jörð.

#### 4.2.1.1.11. Nýibær

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918:

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Nýibær sé þjóðjörð. Sauðbeit er fyrir 15 kindur í Álfsey og einnig fuglatekja og eggver þar og í Dal fjalli sem nemur, að frádregnum kostnaði, 50 króna ársarði. Sameiginleg hagbeit í heimalandi fyrir kú, hest og 12 sauðkindur frá hverri jörð.

#### 4.2.1.1.12. Gerði (Stóragerði)

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918:

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Stóragerði norður og suður séu þjóðjarðir. Sauðabeit er í Elliðaey fyrir 15 sauði en einnig fuglatekja og eggver þar og í Stórhöfða sem nemur, að frádregnum kostnaði,

<sup>26</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 10.

<sup>27</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 11.

31 krónu ársarði. Sameiginleg hagbeit er í heimalandi fyrir kýr, hest og 12 sauðkindur.

#### *4.2.1.1.13. Dalir*

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918:

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Dalir sé þjóðjörð. Fjárbeit er í Álfsøy fyrir 25 sauði en einnig er fuglatekja og eggver þar og í Dalíjalli sem nemur, að frádrögnum kostnaði, 100 króna ársarði. Sameiginleg hagbeit á heimalandi fyrir kú, hest og 12 sauðkindur frá hverri jörð.

#### *4.2.1.1.14. Þorlaugargerði*

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918:

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að að Þorlaugargerði eystri og vestari séu þjóðjarðir. Sauðabeit er í Elliðaey fyrir 15 sauði en einnig er fuglatekja og eggver þar og í Hellisey og Stórhöfða. Sameiginleg hagbeit í heimalandi fyrir kú, hest og 12 sauðkindur frá hverri jörð.

#### *4.2.1.1.15. Steinsstaðir*

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um fasteignamat Steinsstaða 1916-1918:

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að hún sé þjóðjörð. Sauðabeit er í Elliðaey fyrir 15 sauði en einnig er fuglatekja og eggver þar og í Hellisey og Stórhöfða sem nemur, að frádrögnum kostnaði, 62 krónur. Sameiginleg hagbeit í heimalandi fyrir kú, hest og 12 sauðkindur frá hverri jörð.

#### *4.2.1.1.16. Gvendarhús*

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918:

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Gvendarhús sé þjóðjörð. Sauðabeit er í Bjarnarey fyrir 16 sauði en einnig er fuglatekja og eggver þar og í Smáeyjum og Ofanleitishamri sem nemur, að frádrögnum kostnaði, um 100 króna ársarði. Sameiginleg hagbeit í heimalandi fyrir kú, hest og 12 sauðkindur frá hverri jörð.

#### *4.2.1.1.17. Brekkuhús*

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918:

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Brekkuhús sé þjóðjörð. Sauðabeit er í Bjarnarey fyrir 15 sauði en einnig er fuglatekja og eggver þar og í Smáeyjum og Ofanleitishamri sem nemur, að frádrögnum kostnaði, 100 króna ársarði. Sameiginleg hagbeit fyrir kú, hest og 12 sauðkindur frá hverri jörð.

#### 4.2.1.1.18. *Ofanleiti*

Í Jarðabók segir m.a. um Ofanleiti:

I eyum 36 ær, 3 þrevetrer sidan i haust, 7 veturgamler, 3 haustlömb.<sup>28</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918:

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Ofanleiti sé þjóðjörð. Hagbeit er fyrir 64 sauði í Bjarnarey en einnig er fuglatekja og eggver þar og í Smáeyjum og Ofanleitishamri sem nemur, að frádregnum kostnaði, 400 króna ársarði. Sameiginleg hagbeit í heimalandi fyrir kú, hest og 12 sauðkindur frá hverri jörð.

#### 4.2.1.1.19. *Norðurgarður*

Í Jarðabók segir m.a. um Norðurgarð:

I eyum 2 ær<sup>29</sup> sidan i haust, 1 saudur þrevetur, 2 haustlömb.

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918:

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu 1916–1918 segir að Norðurgarður eystri og vestari séu þjóðjarðir. Sauðabeit er í Elliðaey fyrir 15 sauði en einnig er fuglatekja og eggver þar og í Hellisey og Stórhöfða sem nemur, að frádregnum kostnaði, 62 króna ársarði. Sameiginleg hagbeit í heimalandi fyrir kú, hest og 12 sauðkindur.

#### 4.2.1.1.20. *Stakkagerði*

Í Jarðabók segir m.a. um Stakkagerði:

[...] I eyum 36 ær, 3 þrevetrer sidan i haust, 7 veturgamler, 3 haustlömb.<sup>30</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918:

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Stakkagerði sé þjóðjörð. Sauðabeit er í Álfsey fyrir 10 sauði en einnig er fuglatekja og eggver þar og í Dalfjalli sem nemur, að frádregnum kostnaði, 50 króna ársarði. Sameiginleg hagbeit í heimalandi fyrir kú, hest og 12 sauðkindur frá hverri jörð.

### **4.2.2. Heimildir um eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofansjár með tengsl við jörð**

#### **4.2.2.1. Elliðaey**

<sup>28</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 15.

<sup>29</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 16.

<sup>30</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 17.



Í sóknalýsingu Vestmannaeyjasóknar segir m.a. um Elliðaey:

Erlindsey (alment nefnd Ellirey). Liggur hún í landnorður frá Heimeyju, á að giska 2/8 mílu; mun hún að ummáli vera hjerumbil 1/80 úr ferhyrndri mílu; er hún aflöng frá norðri til suðurs; lykja hana víðast hvar sæbrattir hamrar, sem þó eru hvergi afarháir nema að norðan, og kallast þar Hábarð; vestan á henni, í svo kallaðri >höfn<, svo og að austan við bergfláa einn má lenda og jafnvel draga upp bát. Að öðru leyti er hún svo lögðu, að sumstaðar á henni eru háir hólar, og er hinn mesti þeirra kallaður >Stóri Búnki<; en sumstaðar sljettar flatar allvíðáttumiklar; öll má hún að ofan heita grasi vaxin, enda er þar bæði heyjað og höfð hagbeit fyrir hjerumbil 2 ½ hundrað fjár, sumar og vetur.<sup>31</sup>

Eftirfarandi jarðir á Heimaey eiga tiltekin réttindi í Elliðaey:

#### 4.2.2.1.1. Kornbóll

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Kornhóls:

[...]Hier fyrer utan fylger Kornhol 15 sauda beit í Ellerey, (sem er öll 200 sauda beit).<sup>32</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918:

[...] Jörðin hefur hagbeit fyrir 15 sauði í Elliðaey [...].

#### 4.2.2.1.2. Miðhús

Í Jarðabók segir m.a. réttindi jarðarinnar Miðhús:

Midhusum fylger 15 sauda beit í Ellerey [...].<sup>33</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804:

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Miðhús hafi beitarétt í Elliðaey en einnig fjöður- og eggjatekju.

Í minnisblaðinu kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918

Skýrt er frá því að jörðin hafi hagbeit fyrir 15 sauði í Elliðaey [...] Í Elliðaey og Kleifi er eggver og fuglatekja sem nemur, að frádregnum kostnaði, 55 krónur árlega. [...]

#### 4.2.2.1.3. Gjábakki

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Gjábakka:

<sup>31</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 20.

<sup>32</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 3.

<sup>33</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 4.

I Ellerey 6 ær, 2 sauder 3vetrer, 2 tvævetrer, 3veturgamler, sidan i haust ed var.  
[...] I Ellerey sidan i haust, 1 saudur 4 vetra, 3 tvævetrer, 4 veturgamler. [...] Jördunni fylger 30 sauda beit i Ellerey [...].<sup>34</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Gjábakki hafi beitarétt (eða beitarreit) í Elliðaey en einnig fjöður- og eggjatekju.

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Gjábakki vestri og eystri séu þjóðjarðir. Í Elliðaey er hagbeit fyrir 15 sauði [...]. Um fuglategju og eggver í Elliðaey og Kleifi segir að hún nemi árlega 55 krónum að frátöldum kostnaði.

#### 4.2.2.1.4. *Presthús*

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Presthúsa:

[...] Það 4.da kyrfodred er i Ellerey, hvar Presthusamenn meiga ad frjalsu heya i óskiptu fyrir eina ku. Og á þesse iörd alleina, og einginn önnur, sitt veniulegt itölu heytak i uteyum. [...] Iördunne fylger (sem aller gamler menn seigia) 26 sauda beit i Ellerey.<sup>35</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Presthús sé konungsjörð og fjöður- og eggjatekja hafi verið með Gjábakka. Einnig segir að jörðin hafi „udegang i Ellerøe.“

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Presthús eystri og vestari séu þjóðjarðir. Skýrt er frá því að fjárbeit sé í Elliðaey fyrir 15 sauði.

#### 4.2.2.1.5. *Oddstaðir*

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Oddstaða:

[...] Item i eyum 5 ær og 1 saudur veturgamall sidan i haust. [...] Jördunne fylger 30 sauda beit i Ellerey.<sup>36</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu 1804 segir að Oddstaðir eigi engjastykki (d. *Engstykk*) í Elliðaey.

<sup>34</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 4.

<sup>35</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 8.

<sup>36</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 9.

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Oddstaðir séu þjóðjörð. Á Oddstöðum eystri og vestari er fjárbeit í Elliðaey fyrir 15 sauði. Einnig sé fuglatekja og eggver í Elliðaey, Hellisey og Stórhöfða sem nemur, að frádregnum kostnaði, um 62 krónu ársarði.

#### 4.2.2.1.6. *Bústaðir*

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Bústaða:

[...] 6 ær í eyum, ítem 1 saundur tvævetur, 1 veturgamall, 1 haustlamb. [...] Iördunni fylger 30 saudabeit í Ellerey.<sup>37</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Búastaðir séu konungsjörð.

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Búastaðir eystri og vestari séu þjóðjarðir. Fjárbeit er í Elliðaey fyrir 15 sauði, einnig fuglatekja og eggver þar ásamt Hellisey og Stórhöfða sem nemur, að frádregnum kostnaði, 62 krónu ársarði.

#### 4.2.3.1.7. *Gerði*

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Gerðis (Stóragerði):

I eyum 11 ær, 1 þrevetur, 1 tvævetur, 7 veturgamler, 1 haustlamb. [...] Iördunni fylger 15 saudabeit í Ellerey.<sup>38</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Stóragerði sé konungsjörð og hafi „udegang“ í Elliðaey.

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Stóragerði norður og suður séu þjóðjarðir. Saudabeit er í Elliðaey fyrir 15 sauði en einnig fuglatekja og eggver þar [...].

#### 4.2.2.1.8. *Steinsstaðir*

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Steinsstaða:

Iördunne fylger 13 saudabeit í Ellerey.<sup>39</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

<sup>37</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 10.

<sup>38</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 12.

<sup>39</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 13.

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Steinsstaðir sé koungsjörð og hafi rétt til „udegang“ í Elliðaey.

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að hún sé þjóðjörð. Sauðabeit er í Elliðaey fyrir 15 sauði en einnig er fuglatekja og eggver þar [...].

#### 4.2.2.1.9. *Heimaey*

Í Jarðabók segir m.a. réttindi Heimaeyjar:

Heimaeyunne (fyrer utan iardanna tun) er óskipt, hafa bændur þar i høgum vissa kvikfiar itölu epter iardarmagne. Um kring heima eyna liggja i sionum þar nálægt Ellerey, Biarnarey, Sudurey, Hellertsey, Gelldungasker, Sulnaskier, Geirfuglaskier, Brandurinn, Alfsey, Hæna, Hane, Hrauney, Grasleysa, hvar af sumar liggja til beitar til bæianna á heimaeyunne, sem fyrrskrifad er.<sup>40</sup>

#### 4.2.2.2. **Bjarnarey**

Í sóknalýsingu Vestmannaeyjasóknar segir m.a. um Bjarnarey:

Bjarnarey liggur í austur frá Heimaeyju, hérumbil ½ mílu þaðan, en í vesturhalt suður frá Ellirey svo sem svarar 1/5 mílu. Er hún nokkurn veginn jöfn á alla vegu, þó lítið lengri frá norðri til suðurs en frá austri til vesturs. Öllumegin má hún heita lukt háum hömrum, og öll töluvert hærri en Ellirey; þó má lenda við hana á 2 stöðum, að norðan við svonefnda Hvannahillu; er þar fyrst snarbrattan móbergsfláa upp að fara; þarnæst þverhnypt hamrabelti svo sem 3 manshæðir, er vanir >tjallamenn< þó komast upp og ofan án þess að hafa band sjer til stuðnings. Að austan er lent í svokallaðri >höfn<, sem er kriki einn inn í eyjuna, með bergláum til beggja hliða, en ei verður þar lent nema í nokkurn veginn dauðum sjó, og ei verður bátur þar dreginn upp, þessi eyja mun að víðáttu vera frekar helmingur á mótí Ellirey; hún er að mestu bunguvaxin, og er einkum ein stór hæð í henni norðanverðri, kölluð >Búnki<, með stórri hvilft ofaní, og má bæði af lögum búnkans og hvilftarinnar, sem og af rauðbrunnum hraunsteinum þar, ráða, að þar hafi einhvern tíma eldur upp komið. Öll er eyjan grasi vaxin að ofan, og hafa menn þar bæði fjárbeit sumar og vetur fyrir hjerumbil 130 fjár, og töluverðan heyskap, en æði örðugan aðsóknar, með því legið er þar við til sláttar og hirðingar, alt heyið borið á bakinu alllangan og sumstaðar brattan veg, og heybóli, sem því er hlaðið í, og er það síðan, er gott færi gefst, sótt á skipi, og því þá gefið niður í böggunum ofan af tvítugu bjargi.<sup>41</sup>

Eftirfarandi jarðir á Heimaey eiga tiltekin réttindi í Bjarnarey.

#### 4.2.2.2.1. *Gvendarhús*

Í Jarðabók segir m.a. réttindi jarðarinnar Gvendarhúsa:

<sup>40</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 17.

<sup>41</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 20.

Ofanleite öllu, með Gvöndar husum og Brecku husum fylger Bjarnarey öll, sem er 100 saudabeit [...]. Hier af tilheyrer Gvöndarhusum 12 ½ sauda beiti í Bjarnarey [...].<sup>42</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Gvendarhús sé konungsjörð og eigi rétt til „udegang“ í Bjarnarey.

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Gvendarhús sé þjóðjörð. Saudabeit er í Bjarnarey fyrir 16 sauði en einnig fuglatekja og eggver þar [...].

#### 4.2.2.2.2. *Brekkuhús*

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Brekkuhúsa:

Jörðunni fylger 12 ½ saudabeit í Bjarnarey [...].<sup>43</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Brekkuhús sé þjóðjörð. Saudabeit er í Bjarnarey fyrir 15 sauði en einnig er fuglatekja og eggver þar

#### 4.2.2.2.3. *Ofanleiti*

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Ofanleitis:

Ofanleiti fylgia, sem sagt er, Bjarnarey, Hana og Hæna, hefur presturinn þar helming beitar, fiordung Gvöndarhus og Breckuhús, sem fyrrskrifad er, og annann fiordung hinar 2 Ofanleitis hiáleigur.<sup>44</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Ofanleiti sé með Bjarnarey, Hana og Hænu.

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Ofanleiti sé þjóðjörð. Hagbeiti er fyrir 64 sauði í Bjarnarey en einnig er fuglatekja og eggver þar [...].

#### 4.2.2.2.4. *Heimaey*

---

<sup>42</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 14.

<sup>43</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 14.

<sup>44</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 15.

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi Heimaeyjar:

Heimaeyunne (fyrir utan iardanna tun) er óskipt, hafa bændur þar í högum vissa kvikfiar itölu epter iardarmagne. Um kring heima eyna liggja í sionum þar nálægt Ellerey, Biarnarey, Sudurey, Hellertsey, Gelldungasker, Sulnaskier, Geirfuglaskier, Brandurinn, Alfsey, Hæna, Hane, Hrauney, Grasleysa, hvar af sumar liggja til beitar til bæianna á heimaeyunne, sem fyrrskrifad er.<sup>45</sup>

#### 4.2.2.3. Suðurey

Í sóknalýsingu Vestmannaeyjasóknar segir m.a. um Suðurey:

Suðurey. Liggur hún í suður frá Stórhöfða, sem áður er nefndur, og er aðeins mjótt sund milli hennar og höfðans; hún er töluvert minni ummáls en Bjarnarey, skemri á þann veginn er snýr frá austri til vesturs; að austan, norðan og vestan er hún háum hömrum lukt, en sunnan í móti er hún frá efstu brún alt niður að sjó snarbrattur halli, og má þeim megin leggja að henni skipi í dauðum sjó, en ei veður þar smábátur upp settur. Að öðru leyti er hún svo löguð, að hún er sem hár hryggur frá austri til vesturs, og er svo sneitt af báðum endum hryggjarins, svo að efri partur eyjarinnar, sjeður norðan frá, lítur út sem skip á hvolfi; norðan megin hryggjarins er flöt ein allbreið, og er norðurbrún hennar kölluð >á vatni<, ekki af því að þar sje vatn, heldur af því að þar niður undan kemur vatn út úr berginu. Öll er þessi eyja grasi vaxin, og er þar fjárbeit sumar og vetur fyrir því nær 100 fjár.<sup>46</sup>

Eftirfarandi jarðir á Heimaey eiga tiltekin réttindi í Suðurey:

##### 4.2.2.3.1. Vilborgarstaðir

Item 25 sauda beit í Sudurey, sem skiptast á allt að jafnade meðal ábuendanna.<sup>47</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918:

Þar segir að allar jarðirnar hafi hagbeit fyrir 18 sauði í Heimakletti og Suðurey. Einnig hafi þær fulgatekju og eggver sem nema, að frádregnum kostnaði, um 38 króna ársarði.

##### 4.2.2.3.2. Kirkjubær

Item 25 saudabeit í Sudurey, a mots við Vilborgarstade (eyen er öll 50 sauda beit).<sup>48</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

<sup>45</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 17.

<sup>46</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 21.

<sup>47</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 5.

<sup>48</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 6.

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Kirkjubær eigi nytjaland í Geldingaskeri, Brandi og [óljóst hvaða eyja].

Um þessar jarðir segir að fjárbeit sé í Suðurey og Brandi fyrir níu sauði en einnig er fuglatekja og eggver þar og í Geldingi og Suðurey annað hvert ár sem nemur, að frádregnum kostnaði, 20 króna ársarði.

#### 4.2.2.3.3. *Heimaey*

Heimaeyunne (fyrir utan iardanna tun) er óskipt, hafa bændur þar i hógum vissa kvikfiar itölu epter iardarmagne. Um kring heima eyna liggja i sionum þar nálægt Ellerey, Biarnarey, Sudurey, Hellertsey, Gelldungasker, Sulnaskier, Geirfuglaskier, Brandurinn, Alfsey, Hæna, Hane, Hrauney, Grasleysa, hvar af sumar liggja til beitar til bæianna á heimaeyunne, sem fyrrskrifad er.<sup>49</sup>

#### 4.2.2.4. **Brandur**

Í sóknalýsingu Vestmannaeyjasóknar segir m.a. um Brand:

Brandur, í vestur frá Suðurey, hjerumbil 1/5 mílu þaðan; er hann aðeins lítill hólmi, liggur á lánveginn frá austri til vesturs, þannig hagaður, að vestan frá skerst inn í hann mjótt lón, og er meginhluti hólmanns norðan megin lónsins; upp frá lóninu þeim megin er allbrattur flái, er nær upp á efstu brún, sem er hæst, hjerumbil miðja vega; en frá brún þessari að norðan er standberg niður í sjó. Sunnanvert við lón það, er áður er nefnt, eru klettur nokkrir, er nefnast Dráugar (neðanmálgrein: Þessir dráugar eru og kallaðir Girðisdráugar og Máfadráugar). Hólmi þessi er að miklu leyti grasi vaxinn og er hjer venjulega höfð vetrararbeit fyrir svo sem 30 lömb.<sup>50</sup>

Eftirfarandi jarðir á Heimaey eiga tiltekin réttindi í Brandi.

#### 4.2.2.4.1. *Kornhóll*

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Kornhóls:

[...] sulnaveidi i Brandi og Geldingaskieri, sem þangad til hafa sveitarinnar almenningur vered, eins og nu eru Sulnasker og Hellirsey. Eru þeir sem heyrta hafa af sier elldri mönnum, að þetta sie skied þá Sr. Ormur var prestur ad Kirkibæ.<sup>51</sup>

#### 4.2.2.4.2. *Kirkjubær*

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Kirkjubæjar:

[...] item Brandurinn (su ey) hvar og er sulnaveide og 13 saudabeit.<sup>52</sup>

<sup>49</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 17.

<sup>50</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 21.

<sup>51</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 3.

<sup>52</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 6.

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Kirkjubær eigi nytjaland í Geldingaskeri, Brandi og [óljóst hvaða eyja].

Um þessar jarðir segir að fjárbeit sé í Suðurey og Brandi fyrir níu sauði [...].

#### 4.2.2.4.3. Heimaey

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi Heimaeyjar:

Fuglveide og eggiatekia er í þessum uteyum. Heyrer sulnaveidi í Gelldungaskieri og Brandinum Kírkiubæ til, sem fyrr er ritad, enn öll önnur fuglaveide og eggiateja eru óskipt hlunninde allrar sveitarinnar, Má þangad að frialsu fara hver bondi er vill til fugla og eggja, og þar óskipt taka efter faungum, að fratekinni sulnatekiu í Sulnaskeri og Hellirsey, hveria bæierner a heimaeyunne eiga epter kyrfodra tiltölu, og þar fyrer eiga hennar efter iafnade, og þar umm settri sidveniu að niota.<sup>53</sup>

#### 4.2.2.5. Álsey

Í sóknalýsingu Vestmannaeyjasóknar segir m.a. um Álsey:

Álfsey (eða Álsey) liggur í útnorður frá Brandi og er aðeins mjótt sund þar á milli; liggur hún á langveginn frá landsuðri til útnorðurs, og er hún að víðáttu hjerumbil 1/60 míla. Að austan, sunnan og vestan er hún háum hömrum lukt, en að norðan er hún að mestu afflá, alt frá efstu brún og niður í sjó, og má þar leggja bát að í dauðum sjó, og jafnvel draga upp með höndum; einnig má leggja að svo nefndu Þjófaneti á útnorðurhorni eyjarinnar. Að ofan og norðan í móti er eyja þessi grasi vaxin og er þar fjárbeit bæði sumar og vetur fyrir hjerumbil 130 fjár.<sup>54</sup>

Eftirfarandi jarðir á Heimaey eiga tiltekin réttindi í Álsey.

##### 4.2.2.5.1. Ólafshús

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Ólafshúsa:

Ólafshusum fylgr saudabeit í Alfsey, fimtán sem gamler menn seigiast heyrtr hafa.<sup>55</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

<sup>53</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 17.

<sup>54</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 22.

<sup>55</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 11.



Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Ólafshús sé konungsjörð og hafi nýttjar í Álfsey.

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Ólafshús sé þjóðjörð. Sauðbeit er fyrir 15 kindur í Álfsey en einnig er fuglatekja þar [...].

#### 4.2.2.5.2. Nýibær

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Nýjabæjar:

Jörduinni fylger 15 sauðabeit í Álfsey.<sup>56</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Nýibær sé konungsjörð og með nýttjar (d. *Rett til udegang*) í Álfsey.

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Nýibær sé þjóðjörð. Sauðbeit er fyrir 15 kindur í Álfsey og einnig fuglatekja og eggver þar [...].

#### 4.2.2.5.3. Dalir

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Dala:

Jörduinni fylger 50 sauðabeit í Álfsey, sem er half eyenn.<sup>57</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Dalir sé konungsjörð og hafi rétt til „udegang“ í Álfsey.

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Dalir sé þjóðjörð. Fjárbeit er í Álfsey fyrir 25 sauði en einnig er fuglatekja og eggver þar [...].

#### 4.2.2.5.4. Stakkagerði

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Stakkagerðis:

Stakkagerdi á 20 sauða beit í Álfsey (sumer hafa hallded að Stakkagerdi ætti 25 sauða beit í Álfsey, og Ólafshus og Nyebær til samans annarra 25 sauða beit þar).

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Stakkagerði sé konungsjörð og að jörðin hafi fjöður- og eggjatekju í Álfsey.

<sup>56</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 12.

<sup>57</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 12.

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Stakkagerði sé þjóðjörð. Sauðabeit er í Álfsey fyrir 10 sauði en einnig er fuglatekja og eggver þar [...].

#### 4.2.2.5.5. *Heimaey*

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi Heimaeyjar:

Heimaeyunne (fyrir utan iardanna tun) er óskipt, hafa bændur þar i hógum vissa kvikfiar itölu epter iardarmagne. Um kring heima eyna liggja i sionum þar nálægt Ellerey, Biarnarey, Sudurey, Hellertsey, Gelldungasker, Sulnaskier, Geirfuglaskier, Brandurinn, Alfsey, Hæna, Hane, Hrauney, Grasleysa, hvar af sumar liggja til beitar til bæianna á heimaeyunne, sem fyrrskrifad er.<sup>58</sup>

#### 4.2.2.6. **Hellisey**

Í sóknalýsingu Vestmannaeyjasóknar segir m.a. um Hellisey:

Hellisey. Liggur hún suður-útsuður frá Suðurey, hjerumbil ½ viku; mun hún að ummáli trauðlega vera eins stór og hálf Bjarnarey; liggur hún á lánveginn frá norðri til suðurs, og er hún breiðust um sig og hæst að norðan, en mjókkar og lækkar suður á við, þó er hún mjóst og lægst í miðjunni; hallar út af henni til beggja hliða, einkum að norðan, og lítur hún þar út líkt og sæi á húsgafl með veggjum og þaki. Nyrðst á henni heitir Sámur og Sámsnef. Höfði einn norðan og vestan á henni nefnist Tobbasig. Hún er að nokkru leyti grasi vaxin, og hafa menn á stundum haft þar fje til útigangs á vetrum, en ei þykir það óhult sökum sjávangangs.<sup>59</sup>

Eftirfarandi jarðir á Heimaey eiga tiltekin réttindi í Hellisey:

##### 4.2.2.6.1. *Kornbóll*

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Kornhóls:

[...] sem þangad til hafa sveitarinnar almenningur vered, eins og nu eru Sulnasker og Hellirsey.<sup>60</sup>

##### 4.2.2.6.2. *Þorlaugargerði*

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Þorlaugargerðis:

Iördunni hefur fylgt öll beit i Hellersey, sem reiknud var 14 sauda beit. Nu er þesse beit og eyarinnar gras af regne og stormvindum ölldungis eydilagt.<sup>61</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

<sup>58</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 17.

<sup>59</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 22.

<sup>60</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 3.

<sup>61</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 13.

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Þorlaugagerði sé konungusjörð og með Hellisey.

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að að Þorlaugagerði eystri og vestari séu þjóðjarðir. [...] en einnig er fuglatekja og eggver þar og í Hellisey og Stórhöfða. Sameiginleg hagbeit í heimalandi fyrir kú, hest og 12 sauðkindur frá hverri jörð.

#### 4.2.2.7. Geldungur / Geldingasker

Í sóknalýsingu Vestmannaeyjasóknar segir m.a. um Geldungasker:

Geldúngur. Svo kalla hjer alment eyju þá, er á uppdrætti Íslands nefnist >Geldingasker<. Hún liggur á lángveginn frá landsuðri til útnorðurs, og er hún einna mest ummálsminst eyja þeirra, sem þegar eru nefndar. Landsuðurhluti hennar er býsna hátt bjarg, en útnorðurhlutinn hjerumbil helmíngi lægri. Í gegnum hana liggur port eða hlið, lukt að ofan með breiðum steinboga. Að vestan og norðan við áðurnefnt port er bergflái, er leggja má að skipi. Á eyju þessari er nokkuð gras, en ei er það höfð sauðbeit.<sup>62</sup>

Eftirfarandi jarðir á Heimaey eiga tiltekin réttindi í Geldungaskeri:

##### 4.2.2.7.1. Kornból

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Kornhóls:

Kornhol fylger allur Ytste klettur, er sögn að einn af þeim gömlu umbodsmönnum hafi hann feinged edur teked fra Kirkiubæ, og lagt aptur til Kirkiubæjar, sulnaveidi i Brandi og Gellingaskieri, sem þangad til hafa sveitarinnar almenningur vered, eins og nu eru Sulnasker og Hellirsey.<sup>63</sup>

##### 4.2.2.7.2. Kirkjubær

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Kirkjubæjar:

Kirkiubæ fylgja Gellinga skier (hvar að er sulnaveide), item Brandurinn (su ey) hvar og er sulnaveide og 13 saudabeit. Item 25 saudabeit i Sudurey, a mots vid Vilborgarstade (eyen er öll 50 sauda beit) Er almenn gamallrra manna sög, sem fyrskrifad er, að einn af þeim gömlu umbodsmönnum afi þessa suknaveide i Brandenum og Gellinga skiere tekid fra sveitinni og fengid Kirkibæ fyrer Ytsta klett.<sup>64</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

<sup>62</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 22.

<sup>63</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 3.

<sup>64</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 6.

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Kirkjubær eigi nytjaland í Geldingaskeri, Brandi og [óljóst hvaða eyja].

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Kirkjubær sé þjóðjörð og skiptist hún í níu jarðir (heimili). [...] einnig er fuglatekja og eggver þar og í Geldingi og Suðurey annað hvert ár sem nemur, að frádregnum kostnaði, 20 króna ársarði. Hagbeit er sameiginleg í heimalandi fyrir kú, hest og 12 sauðkindur frá hverri jörð.

#### 4.2.2.7.3. *Heimaey*

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi Heimaeyjar:

Heimaeyunne (fyrir utan iardanna tun) er óskipt, hafa bændur þar i høgum vissa kvikfiar itölu epter iardarmagne. Um kring heima eyna liggja i sionum þar nálægt Ellerey, Biarnarey, Sudurey, Hellertsey, Gelldungasker, Sulnaskier, Geirfuglaskier, Brandurinn, Alfsey, Hæna, Hane, Hrauney, Grasleysa, hvar af sumar liggja til beitar til bæianna á heimaeyunne, sem fyrrskrifad er.<sup>65</sup>

#### 4.2.2.8. **Súlnasker**

Í sóknalýsingu Vestmannaeyjasóknar segir m.a. um Súlnasker:

Súlnasker. Er það hamraey ein afarhá eftir ummáli sínu að öðru leyti, suðurhalt austur frá Geldúngi og aðeins kippkorn þaðan. Er hún á langveginn frá austri til vesturs og öllu megin hömrum lukt, svo tilsýndar virðist ekki fært þar upp, nema fyrir fuglinn fljúgandi. Eyja þessi eða sker (sem og er kölluð Almenníngssker, af því að allir jarðarbændur á Vestmannaeyjum eiga þar ár hvert tiltölu til fuglaveiði, sem og í eggjatekju) stendur á stólpum, og er sá mestur um sig, sem nyrðstur er. (Í gegnum hann frá norðri til suðurs er rauf ein, er nefnist >Rífa<). Sunnan við stólpa þennan er port eitt mikið, er róa má í gegn[um] jafnvel teinæringi með möstrum, og er stefna þess frá útnorðri til landsuðurs. Útsuðurveggur þessa ports myndast af 2 stólpum, þannig að til hliðar úr aðalportinu má róa út á milli tveggja þessara síðarnefndu stólpa. Að ofan er Súlnasker svo lagað, að frá austri til vesturs, nær norður- en suðurbrún, er hryggur, og hallar suður af honum svo mikið, að það er töluvert lægra að sunnan en norðan. Uppganga á það er á landnordurhlið, og þykir vegur sá hættuminni en víða annarstaðar, þó að vísu sje ei unt að komast þar upp fyrir færri en tvo menn, með því að sumstaðar veður sá, er á undan fer, að láta þann, er á eftir fer, fara upp á herðar sjer, til að ná í áreiðanlega fótfestur, og veður þó sá, er þannig kemst upp, að halda í band eða vað, sem sá, er áður var á undan, verður að lesa sig upp eftir uns þeir báðir eru komnir á sama stað. Ofan af því fara menn jafnaðarlegast á landsuðurhliðinni >á Helli< sem kallað er, á vað 12-18 fadma löngum í lausu lofti niður á >steðja< einn, sem þar er, og svo á skip, sem þar er lagt að. Verður sá, er seinast fer ofan, að fara á svo kölluðum >hnoðaburði<, en svo kalla Vestmannaeyingar það, að vaður einn eða fleiri,

<sup>65</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 17.

eftir því hvað hátt skal síga, er lagður í lykkju, þannig að báðir endar hans liggja hjerumbil jafnlangt niður, en lykkjan er lögð á fasta og tryggja klettanös í bjargbrúninni [...]. Að ofan er Súlnasker hjer og hvar grasi vaxið.<sup>66</sup>

Eftirfarandi jarðir á Heimaey eiga tiltekin réttindi í Súlnaskeri:

#### 4.2.2.8.1. Kornhóll

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Kornhóls:

Kornhol fylger allur Ytste klettur, er sögn að einn af þeim gömlu umbodsmönnum hafi hann feinged edur teked fra Kirkiubæ, og lagt aptur til Kirkiubæjar, sulnaveidi í Brandi og Gellingaskieri, sem þangad til hafa sveitarinnar almenningur vered, eins og nu eru Sulnasker og Hellirsey.<sup>67</sup>

#### 4.2.2.8.2. Heimaey

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi Heimaeyjar:

Heimaeyunne (fyrer utan iardanna tun) er óskipt, hafa bændur þar i høgum vissa kvikfiar itölu epter iardarmagne. Um kring heima eyna liggja i sionum þar nálægt Ellerey, Biarnarey, Sudurey, Hellertsey, Gelldungasker, Sulnaskier, Geirfuglaskier, Brandurinn, Alfsey, Hæna, Hane, Hrauney, Grasleysa, hvar af sumar liggja til beitar til bæianna á heimaeyunne, sem fyrrskrifad er.<sup>68</sup>

#### 4.2.2.9. Geirfuglasker (Freikja)

Í sóknalýsingu Vestmannaeyjasóknar segir m.a. um Geirfuglasker:

Geirfuglasker, einnig nefnt Freikja; það er hjerumbil 1 viku í útsuður frá Súlnaskeri og lengst til hafs af öllum þeim eyjum, er teljast til Vestmannaeyja; er það lítið um sig og að mestu afflátt öllu megin. Mun það vera kent við geirfugla, af því að þeir fuglar hafi einhvern tíma átt að vera þar, þó ekki viti menn nú á tímum að þeir hafi fundist þar.<sup>69</sup>

#### 4.2.2.10. Hani (Smáeyjar)

Eftirfarandi jarðir á Heimaey eiga tiltekin réttindi í Hana:

##### 4.2.2.10.1. Gvendarhús

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Gvendarhúsa:

I eyum 11 ær, 1 saudur þrevetur, 3 veturg., 8 haustlömb. [...] Ofanleite öllu, med Gvöndar husum og Brecku husum fylger Bjarnarey öll, sem er 100 saudabeit, item Hane 8 saudabeit. Item Hæna, sem að mestu er graslaus og

<sup>66</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 23-4.

<sup>67</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 6.

<sup>68</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 17.

<sup>69</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 24.

gagnslaus orden. Hier af tilheyrer Gvöndarhusum 12 ½ sauda beit i Bjarnarey og eins saugar i Hana.<sup>70</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918:

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Gvöndarhús sé þjóðjörð. Sauðabeit er í Bjarnarey fyrir 16 sauði en einnig fuglatekja og eggver þar og í Smáeyjum og Ofanleitishamri sem nemur, að frádregnum kostnaði, um 100 króna ársarði. [...].

#### 4.2.2.10.2. Brekkuhús

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Brekkuhúsa:

Jörðunni fylger 12 ½ sauda beit i Bjarnarey og eins saugar i Hana.<sup>71</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um fasteignamat 1916-1918:

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Brekkuhús sé þjóðjörð. Sauðabeit er í Bjarnarey fyrir 15 sauði en einnig er fuglatekja og eggver þar og í Smáeyjum og Ofanleitishamri sem nemur, að frádregnum kostnaði, 100 króna ársarði. [...]

#### 4.2.2.10.3. Ofanleiti

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Ofanleitis:

Ofanleiti fylgia, sem sagt er, Bjarnarey, Hana og Hæna, hefur presturinn þar helming beitar, fiordung Gvöndarhus og Breckuhus, sem fyrskrifad er, og annann fiordung hinar 2 Ofanleitis hiáleigur.<sup>72</sup>

Í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands kemur m.a. fram um jarðamat 1804 og fasteignamat 1916-1918:

Í jarðamati Vestmannaeyjasýslu frá 1804 segir að Ofanleiti sé með Bjarnarey, Hana og Hænu.

Í fasteignamati Vestmannaeyjasýslu frá 1916–1918 segir að Ofanleiti sé þjóðjörð. Hagbeit er fyrir 64 sauði í Bjarnarey en einnig er fuglatekja og eggver þar og í Smáeyjum og Ofanleitishamri sem nemur, að frádregnum kostnaði, 400 króna ársarði. [...]

#### 4.2.2.10.3. Heimaey

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi Heimaeyjar:

Heimaeyunne (fyrer utan iardanna tun) er óskipt, hafa bændur þar i högum vissa kvikfiar itölu epter iardarmagne. Um kring heima eyrna liggia i sionum þar

<sup>70</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 14.

<sup>71</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 14.

<sup>72</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 13.

nálægt Ellerey, Biarnarey, Sudurey, Hellertsey, Gelldungasker, Sulnaskier, Geirfuglaskier, Brandurinn, Alfsey, Hæna, Hane, Hrauney, Grasleysa, hvar af sumar liggja til beitar til bæiana á heimaeyunne, sem fyrirskrifad er.<sup>73</sup>

Í sóknalýsingu Vestmannaeyjasóknar segir m.a. um Hana:

Hæna, Hani og Hrauney; eru þær allar litlar um sig en æðiháar og liggja kippkorn vestur undan Heimaeyju norðanverðri; eru örmjó sund milli þeirra og er Hæna (neðanmálsgrein: Í útsuður skamt frá henni er dránger einn, nefndur Jötun) syðst, þar fyrir norðan Hani og nyrðst Hrauney. Að vestan eru þær að miklu leyti standberg; á þá hlið er Hæna veit til landnorðurs er hún afflá, þó ekki niður að sjó, því neðan til er allhátt berg. Aftur er Hani afflár á þá hlið, er veit til landsuðurs, og liggur sá flái sumstaðar því nær niður að sjó. Hrauney er afflá móti landnorðri, en þó æðihátt berg neðan undir fláanum. Hæna og Hani eru að ofan með ávölum toppi, en Hrauney með hvössum tindum; allar eru þessar smáeyjar töluvert grasi vaxnar.<sup>74</sup>

#### 4.2.2.11. Hæna (Smáeyjar)

Eftirfarandi jarðir á Heimaey eiga tiltekin réttindi í Hænu:

##### 4.2.2.11.1. Gvendarhús

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi Gvendarhúsa:

I eyum 11 ær, 1 saudur þrevetur, 3 veturg., 8 haustlömb. [...] Ofanleite öllu, með Gvöndar husum og Brecku husum fylger Bjarnarey öll, sem er 100 saudabeit, ítem Hane 8 saudabeit. Ítem Hæna, sem að mestu er graslaus og gagnslaus orden. Hier af tilheyrer Gvöndarhusum 12 ½ sauda beit í Biarnarey og eins saugar í Hana.

##### 4.2.2.11.2. Brekkuhús

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi Brekkuhúsa:

I eyum 11 ær, 1 saudur þrevetur, 3 veturg., 8 haustlömb. [...] Ofanleite öllu, með Gvöndar husum og Brecku husum fylger Bjarnarey öll, sem er 100 saudabeit, ítem Hane 8 saudabeit. Ítem Hæna, sem að mestu er graslaus og gagnslaus orden. Hier af tilheyrer Gvöndarhusum 12 ½ sauda beit í Biarnarey og eins saugar í Hana.

##### 4.2.2.11.3. Ofanleiti

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi Ofanleitis:

<sup>73</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 17.

<sup>74</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 24-5.

Ofanleiti fylgia, sem sagt er, Bjarnarey, Hane og Hæna, hefur presturinn þar helming beitar, fiordung Gvöndarhus og Breckuhus, sem fyrsskrifad er, og annann fiordung hinar 2 Ofanleitis hiáleigur.<sup>75</sup>

#### 4.2.2.11.4. *Heimaey*

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi Heimaeyjar:

Heimaeyunne (fyrer utan iardanna tun) er óskipt, hafa bændur þar i högum vissa kvikfiar itölu epter iardarmagne. Um kring heima eya liggja i sionum þar nálægt Ellerey, Biarnarey, Sudurey, Hellertsey, Gelldungasker, Sulnaskier, Geirfuglaskier, Brandurinn, Alfsey, Hæna, Hane, Hrauney, Grasleysa, hvar af sumar liggja til beitar til bæianna á heimaeyunne, sem fyrsskrifad er.<sup>76</sup>

Í sóknalýsingu Vestmannaeyjasóknar segir m.a. um Hænu:

Hæna, Hani og Hrauney; eru þær allar litlar um sig en æðiháar og liggja kippkorn vestur undan Heimaeyju norðanverðri; eru örmjó sund milli þeirra og er Hæna (neðanmálgrein: Í útsuður skamt frá henni er dráungur einn, nefndur Jötun) syðst, þar fyrir norðan Hani og nyrðst Hrauney. Að vestan eru þær að miklu leyti standberg; á þá hlið er Hæna veit til landnorðurs er hún afflá, þó ekki niður að sjó, því neðan til er allhátt berg. Aftur er Hani afflár á þá hlið, er veit til landsuðurs, og liggur sá flái sumstaðar því nær niður að sjó. Hrauney er afflá móti landnorðri, en þó æðihátt berg neðan undir fláanum. Hæna og Hani eru að ofan með ávölum toppi, en Hrauney með hvössum tindum; allar eru þessar smáeyjar töluvert grasi vaxnar.<sup>77</sup>

#### 4.2.2.12. Hrauney (Smáeyjar)

Eftirfarandi jarðir á Heimaey eiga tiltekin réttindi í Hrauney:

##### 4.2.2.12.1. *Kirkjubær*

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi jarðarinnar Kirkjubæjar:

Eirninn heyrer Kirkibæ til beit i Hrauney, sem er 4 sauda beit.<sup>78</sup>

##### 4.2.2.12.2. *Heimaey*

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi Heimaeyjar:

Heimaeyunne (fyrer utan iardanna tun) er óskipt, hafa bændur þar i högum vissa kvikfiar itölu epter iardarmagne. Um kring heima eya liggja i sionum þar nálægt Ellerey, Biarnarey, Sudurey, Hellertsey, Gelldungasker, Sulnaskier,

<sup>75</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 13.

<sup>76</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 17.

<sup>77</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 24-5.

<sup>78</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 6.



Geirfuglaskier, Brandurinn, Alfsey, Hæna, Hane, Hrauney, Grasleysa, hvar af sumar liggja til beitar til bæianna á heimaeyunne, sem fyrrskrifad er.<sup>79</sup>

Í sóknalýsingu Vestmannaeyjasóknar segir m.a. um Hrauney:

Hæna, Hani og Hrauney; eru þær allar litlar um sig en æðiháar og liggja kippkorn vestur undan Heimaeyju norðanverðri; eru örmjó sund milli þeirra og er Hæna (neðanmálsgrein: Í útsuður skamt frá henni er dráungur einn, nefndur Jötun) syðst, þar fyrir norðan Hani og nyrðst Hrauney. Að vestan eru þær að miklu leyti standberg; á þá hlið er Hæna veit til landnordurs er hún afflá, þó ekki niður að sjó, því neðan til er allhátt berg. Aftur er Hani afflár á þá hlið, er veit til landsuðurs, og liggur sá flái sumstaðar því nær niður að sjó. Hrauney er afflá móti landnordri, en þó æðihátt berg neðan undir fláanum. Hæna og Hani eru að ofan með ávölum toppi, en Hrauney með hvössum tindum; allar eru þessar smáeyjar töluvert grasi vaxnar.<sup>80</sup>

#### 4.2.2.13. Grasleysa (Smáeyjar)

##### 4.2.2.13.1. Heimaey

Í Jarðabók segir m.a. um réttindi Heimaeyjar:

Heimaeyunne (fyrir utan iardanna tun) er óskipt, hafa bændur þar i hógum vissa kvikfiar itölu epter iardarmagne. Um kring heima eyna liggja i sionum þar nálægt Ellerey, Biarnarey, Sudurey, Hellertsey, Gelldungasker, Sulnaskier, Geirfuglaskier, Brandurinn, Alfsey, Hæna, Hane, Hrauney, Grasleysa, hvar af sumar liggja til beitar til bæianna á heimaeyunne, sem fyrrskrifad er.<sup>81</sup>

Í sóknalýsingu Vestmannaeyjasóknar segir m.a. um Grasleysu:

Vestur undan >Smáeyjum< með litlu millibili er Grasleysa, lítil ey, töluvert lægri en hver um sig af Smáeyjum og er hún að mestu graslaus.<sup>82</sup>

#### 4.2.2.14. Surtsey

Um Surtsey er fjallað á heimasíðu Umhverfisstofnunar, þar sem segir m.a.:

Surtsey er útvörður Íslands í suðri og ein af úteyjum Vestmannaeyja. Surtsey myndaðist í eldgosi sem fyrst varð vart á yfirborði sjávar 14. nóvember 1963. Eldgosið hefur þó að öllum líkindum hafist nokkrum dögum áður sem neðansjávargos á um 130 metra sjávardýpi.

Í eldsumbrotunum mynduðust auk Surtseyjar, eldfjallaeyjarnar Surtla, Syrtlingur og Jólnir, en eldvirkni í þeim stóð stutt og þegar henni lauk átti sjórinn auðvelt með að brjóta þær niður. Eldfjallaeyjarnar hurfu því fljótt af

<sup>79</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 17.

<sup>80</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 24-5.

<sup>81</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Vestmannaeyjasýsla (I. bindi), bls. 17.

<sup>82</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 24-5.

yfirborði sjávar, en ummerki þeirra má sjá neðansjávar. Eldvirkni í Surtsey stóð hinsvegar yfir í tæp fjögur ár með nokkrum goshléum. Þegar hraun runnu á eyggi varð hún betur varin fyrir ágangi sjávar eftir að gosi lauk, en það var fyrst og fremst myndun móbergs sem tryggði framtíð Surtseyjar sem ein af úteyjum Vestmannaeyja.<sup>83</sup>

Surtsey var friðuð árið 1965 og var friðunin bundin við eldfjallið ofansjávar. Friðlýsingin var endurnýjuð 1974 og 2006, en þá var friðlandið stækkað verulega og nær í dag yfir alla eldstöðina, auk hafsvæðisins umhverfis hana. Friðunin felur m.a. í sér að engum er heimilt að fara þar um nema með leyfi Umhverfisstofnunar.<sup>84</sup>

#### 4.2.3. Aðrar landfræðilegar einingar ofansjávar sem getið er í heimildum án sérstakra tengsla við jörð

Í sóknalýsingu Vestmannaeyjasóknar segir m.a.:

Ekki eru hjer við eyjarnar neinar rastir. Boðar eru helstir, er nú skal greina: 1. Breki í vestur frá Heimaeyju. 2. Þokuklakkur í sömu stefnu, en lengra í vestur (að svo kölluðu Nýjahrauni miðja vega milli Heimaeyjar og Einidrángs eru ýmsir boðar nafnlausir). 2. Brandskjálki í landsuður frá Brandi. 4. Eitt blindsker nafnlaust milli Álfseyjar og Brands. 5. Eitt blindsker nafnlaust austan við Hellisey. 6. Bessi í útsuður af Bjarnarey. 7. Breki milli Bjarnareyjar og Ellireyjar. 8. Sandagrunn í norður af eyjunum. 9. Vasaflið norðan við Upsaberg. 10. Helgasker milli Helliseyjar og Geldúngs. 11. Höskuldarklakkur fyrir austan Ellirey.<sup>85</sup>

Helstu grynningar hjer við eyjarnar er Álfseyjarrif, og er ei grynna á því en 20 faðmar og óvíða er grynna að frá teknum þeim boðum, sem nú voru nefndir. Sker eru hjer: 1. Lágasker (neðanmálsgrein: Austan við það er lítið sker nefnt Skellir), venjulega aðeins nefnt >sker< í landnorður frá Yztakletti, er það lágt, breitt um sig og ávalt. 2. Vestan við það er lítið sker, kallað Hnaus. 3. Eru Stakkar, það eru 2 sker hvort nærri öðru austur af Sæfjalli. 4. Ketilsker vestanundir Stórhöfða. 5. Sunnan við Suðurey eru 3 smásker. 6. Vestanundir Hellisey er 1 sker. 7. Vestur frá Geldúngi er skerjaklasi, er nefnist Hundasker, Þúfusker og Bládrángur. 8. Í útsuður frá Hænu eru og nokkur sker, er ekkert víst nafn hafa. 9. Milli Hænu og Hana er Helgusker svokallað. 10. Fyrir vestan Smáeyjar er og sker eitt, er kallast Nafar; hafa menn á því skeri það mark, að ef ei gengur sjór yfir það eða sje >dautt á Nafarinn<, þá sje óbyggjandi leiði milli lands og eyja. Auk skerja þeirra, er hjer voru nefnd, má loks geta 3 dránga, er með litlu millibili hver frá öðrum standa norðan undir eiði því, sem er á milli Klífsins og Heimakletts, en ekki er dröngum þessum gefið neitt sjerstakt nafn. Alstaðar er hjer aðdjúpt, nema hvað víða fram með eygunni eru flúðir; ekki aukast hjer grynningar.<sup>86</sup>

<sup>83</sup> <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/surtsey/> (sótt 30.1.2024)

<sup>84</sup> <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/surtsey/fridlysing/> (sótt 30.1.2024)

<sup>85</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 28-29.

<sup>86</sup> Lýsing Vestmannaeyjasóknar, Brynjólfur Jónsson (1918), bls. 29.

### 4.3. Rangárvallasýsla

Ekki hafa fundist heimildir um eyjur, sker eða aðrar landfræðilegar einingar ofansjávar innan þessa hluta kröfusvæðisins.

## 5. KRÖFUSVÆÐI OG KRÖFUGERÐ

### 5.1. Almennt

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að allar eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta A, Suðurland, teljist þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Tekur krafa ríkisins til allra nafngreindra og að öðru leyti tilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem taldar eru í kafla 5.2 og allra annarra ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga, sbr. kafla 5.3. Í kafla 5.4 eru taldar þær eyjar, sker og landfræðilegu einingar sem krafa ríkisins tekur *ekki* til.

Byggt er á því að þær eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem krafa ríkisins tekur til, sbr. kaflar 5.2 og 5.3, hafi verið utan landnáms, nema annað sé tekið sérstaklega fram. Af frásögnum Landnámu er einstakra kröfusvæða ýmist ekki getið eða getið án þess að unnt sé að ráða hvort þar hafi menn hafið búsetu eða einungis farið þar um. Af frásögnum Landnámu verður því ekki ráðið að landnám hafi náð til kröfusvæðanna. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af þeim lýsingum um stofnun beins eignarréttar yfir svæðunum í öndverðu. Verði talið að svæðin kunni að hafa verið numin í heild eða að hluta er á því byggt að það hafi verið til takmarkaðra nota, eða þá hitt, að beinn eignarréttur, sem þannig kann að hafa stofnast í öndverðu, hafi fallið niður og svæðin síðar verið tekin til takmarkaðra nota annarra.

Á því er einnig byggt að af fyrirliggjandi heimildum, sbr. kafla 4 hér að framan, verði ekki ráðið að stofnast hafi til beins eignarréttar að kröfusvæðunum með öðrum hætti. Af fyrirliggjandi heimildum verður ekki annað ráðið en að að því marki sem kröfusvæðin hafa verið nýtt þá hafa þau eingöngu verið nýtt með takmörkuðum hætti eða til nýtingar á tilteknum hlunnindum, í flestum tilvikum til beitar, fuglaveiði og eggjatöku. Þrátt fyrir að heimildir bendi til þess í einhverjum tilvikum að tilteknar jarðir eða tilteknir aðilar hafi kallað til réttinda á einstökum kröfusvæðum, þá benda þær heimildir ekki til þess að slíkt tilkall hafi eða geti grundvallast á beinum eignarrétti, auk þess sem óljóst er hvernig viðkomandi jarðir eða aðilar voru tilkomnar að þeim réttindum.

Þá er á því byggt að landfræðilegar aðstæður bendi sérstaklega til þess að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að kröfusvæðunum. Um er að ræða eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa ekki verið og eru ekki vel fallnar til búsetu, þrátt fyrir að eftir atvikum hafi verið unnt að hafa af þeim ýmsar nýttjar. Að því marki sem heimildir benda til þess að búseta hafi verið á kröfusvæðunum virðist hafa verið um að ræða takmarkaðar og stopular tilraunir þar að lútandi.

Vísast hér að öðru leyti til 4. kafla kröfulýsingar þessarar, þar sem teknar hafa verið saman fyrirliggjandi heimildir um hvert svæði.

Tekið skal fram að kröfulýsing þessi byggist á þeim heimildum sem liggja fyrir við gerð kröfulýsingarinnar og ber því ekki að líta svo á að um sé að ræða tæmandi umfjöllun eða rökstuðning fyrir kröfugerð íslenska ríkisins.

Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gilda í Þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og Landsréttar, eftir því sem við á, sem og til almennra niðurstaða óbyggðanefndar, með viðaukum, sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar.

## 5.2. Nafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að eftirfarandi nafngreindar og að öðru leyti tilgreindar eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta A, Suðurland, teljist Þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998:

### 1. Hluti Heimaeyjar

Þjóðlendukrafa ríkisins tekur til eftirfarandi svæða á Heimaey:

- (a) Svæði á norðvesturhluta Heimeyjar: Upphafspunktur er við sjó yst á Eysteinsvíkurtanga (1). Þaðan er strandlengjunni fylgt austur um Æðasand, Klífsand, Skansa og að Skansakletti (2). Frá Skansakletti beina stefnu upp í hæstu hlíðar Hlíðarbrekkna (3) og áfram eftir hæstu hlíðum í Há (4). Þaðan áfram eftir hæstu hlíðum Herjólfsdals og niður í sjó við Kaplagjótu (5). Þaðan áfram eftir strandlengjunni um Stafnesvík, Stafnes, Gat og allt að upphafspunkti á Eysteinsvíkurtanga.
- (b) Svæði á norðausturhluta Heimaeyjar: Upphafspunktur er við sjó við Faxanef (1). Þaðan er strandlengjunni fylgt um Faxabót, Drengjabót og Bóndabót út á Klettsnef (2). Frá Klettsnefi er strandlengjunni áfram fylgt um Réttarfles, Langafles, Litla-Klettsnef og Klettsvík og allt að Bólnefi (3). Frá Bólnefi er áfram fylgt strandlengjunni um Danskató og Hörgaeyri að Neðri-Kleifum (4). Þaðan eftir hlíðum að sjó norðanmegin við Hettugrjót (5). Þaðan eftir strandlengjunni um Hettusand, Halldórssand, Nyrðra-Kambshöfuð og allt að upphafspunkti við Faxanef.
- (c) Svæði á suðurhluta Heimaeyjar (Stórhöfði): Upphafspunktur er við sjó við Garðsenda (1). Þaðan er strandlengjunni fylgt suður að Hellutá (2) og áfram vestur og síðan norður að Napa (3) og þaðan áfram eftir strandlengjunni að punkti við sjó við Dys (4). Þaðan bein lína í upphafspunkt við sjó við Garðsenda.
- (d) Svæði utan strandlínu fyrir Heimaeyjargosið ásamt Eldfelli: Upphafspunktur er við sjó á suðausturhluta Heimaeyjar, sunnan Hauga, þar sem strandlína Heimaeyjar var fyrir Heimaeyjargosið sem hófst 23. janúar 1973 (1). Þaðan er strandlengjunni fylgt norður um Flúðatanga, Flugnatanga, Prestavík, Urðir, Viðlagafjöru, Gjábakkafjöru og Skansfjöru, að þeim sem stað þar sem strandlína Heimaeyjar var fyrir Heimaeyjargosið (2). Þaðan er strandlínunni eins og hún var fyrir Heimaeyjargosið fylgt að Eldfelli (3) og þaðan umhverfis Eldfell eftir neðstu hlíðum þess aftur að fyrrnefndri strandlínu (4). Strandlínunni eins og hún var fyrir Heimaeyjargosið er svo áfram fylgt að upphafspunkti við sjó.

Byggt er á því að ofangreind svæði á Heimaey séu utan eignarlanda og teljist því Þjóðlenda. Engar heimildir liggja fyrir um afmörkun jarða eða eignarlanda á Heimaey, heldur aðeins upplýsingar um jarða- og bæjarheiti. Við afmörkun svæða (a)-(c) er því horft til þess að um er að ræða fjall- og klettlendi sem fyrirbyggjandi heimildir benda ekki til að hafi verið eða séu undirorpin beinum eignarrétti, heldur fremur að um sé að ræða svæði sem aðeins hafa verið nýtt með takmörkuðum hætti, eins og ýmsar eyjar og sker í Vestmannaeyjaklasanum. Við afmörkun svæða (a)-(c) er jafnframt leitast við að undanskilja lág- og undirlendi í nálægð við byggð, sem má ætla að teljist undirorpin beinum eignarrétti, m.a. á grundvelli hefðar.

Að því er varðar svæði (d) er við afmörkun miðað við að allt það landsvæði sem myndaðist í Heimaeyjargosinu sem hófst 23. janúar 1973 teljist utan eignarlanda og því þjóðlenda. Við afmörkun svæðisins er miðað við strandlínuna eins og hún var fyrir gos. Eldfell fellur þó innan þjóðlendukröfu, en engar heimildir liggja fyrir eignarrétti að því svæði.

## 2. Elliðaey

Elliðaey liggur í landnordur frá Heimaey. Fyrirliggjandi heimildir benda ekki til þess að Elliðaey (Erlindsey, Ellirey) hafi verið eða sé undirorpin beinum eignarrétti. Eftirtaldar jarðir hafa átt þar takmörkuð réttindi, þ.e. beitarréttindi og fjöður- og eggjatekju o.þ.h.: Kornhóll, Miðhús, Gjábakki, Presthús, Oddsstaðir, Bústaðir, Gerði (Stóragerði), Steinsstaðir, Heimaey.

## 3. Bjarnarey

Bjarnarey liggur í austur frá Heimaey. Fyrirliggjandi heimildir benda ekki til þess að Bjarnarey hafi verið eða sé undirorpin beinum eignarrétti. Eftirtaldar jarðir hafa átt þar takmörkuð réttindi, þ.e. beitarréttindi og fjöður- og eggjatekju o.þ.h.: Gvendarhús, Brekkuhús, Ofanleiti, Heimaey.

## 4. Suðurey

Suðurey liggur í suður frá Stórhöfða. Fyrirliggjandi heimildir benda ekki til þess að Suðurey hafi verið eða sé undirorpin beinum eignarrétti. Eftirtaldar jarðir hafa átt þar takmörkuð réttindi, þ.e. beitarréttindi og fjöður- og eggjatekju o.þ.h.: Vilborgarstaðir, Kirkjubær, Heimaey.

## 5. Brandur

Brandur liggur í vestur frá Suðurey (sem liggur í suður frá Stórhöfða). Sunnan við lón sem skerst inn í Brand að vestan frá eru klettur sem nefnast Drángar (Girðisdrángur og Máfadrángur). Fyrirliggjandi heimildir benda ekki til þess að Brandur eða Drángar hafi verið eða séu undirorpnir beinum eignarrétti. Eftirtaldar jarðir hafa átt þar takmörkuð réttindi, þ.e. beitarréttindi og fjöður- og eggjatekju o.þ.h.: Kornhóll, Kirkjubær, Heimaey.

## 6. Álsey

Álsey eða Álfsey liggur í útnorður frá Brandi er aðeins mjótt sund þar á milli. Fyrirliggjandi heimildir benda ekki til þess að Álsey hafi verið eða sé undirorpin beinum eignarrétti. Eftirtaldar jarðir hafa átt þar takmörkuð réttindi, þ.e. beitarréttindi og fjöður- og eggjatekju o.þ.h.: Ólafshús, Nýibær, Dalir, Stakkagerði, Heimaey.

## 7. Hellisey

Hellisey liggur suður-útsuður frá Suðurey. Fyrirliggjandi heimildir benda ekki til þess að Hellisey hafi verið eða sé undirorpin beinum eignarrétti. Eftirtaldar jarðir hafa átt þar takmörkuð réttindi, þ.e. beitarréttindi og fjöður- og eggjatekju o.þ.h.: Kornhóll, Þorlaugargerði.

## 8. Geldungur

Fyrirliggjandi heimildir benda ekki til þess að Geldungur eða Geldingasker hafi verið eða sé undirorpin beinum eignarrétti. Eftirtaldar jarðir hafa átt þar takmörkuð réttindi, þ.e. beitarréttindi og fjöður- og eggjatekju o.þ.h.: Kornhóll, Kirkjubær, Heimaey.

## 9. Súlnasker

Súlnasker (eða Almenningssker) er hamraey suðaustan frá Geldungi. Fyrirliggjandi heimildir benda ekki til þess að Súlnasker hafi verið eða sé undirorpin beinum eignarrétti. Eftirtaldar jarðir hafa átt þar takmörkuð réttindi, þ.e. beitarréttindi og fjöður- og eggjatekju o.þ.h.: Kornhóll, Heimaey.

#### 10. Geirfuglasker

Geirfuglasker (eða Freikja) liggur í útsuður frá Súlnakeri. Fyrirliggjandi heimildir benda ekki til þess að Geirfuglasker hafi verið eða sé undirorpin beinum eignarrétti. Ekki liggja fyrir heimildir um takmörkuð réttindi þar.

#### 11. Smáeyjar: Hani, Hæna, Hrauney og Grasleysa, ásamt skerjum og dröngum

Smáeyjar eru fjórar litlar eyjar ásamt fjölda smáskerja og dranga vestur af Stafnesi á Heimaey. Til smáeyjanna teljast Hani, Hæna, Hrauney og Grasleysa. Á meðal skerja og dranga sem eru talin með smáeyjum eru m.a. dranginn Jötunn og smáskerin Nafar og Pottur. Fyrirliggjandi heimildir benda ekki til þess að smáeyjarnar ásamt skerjum og dröngum hafi verið eða séu undirorpnar beinum eignarrétti. Eftirtaldar jarðir hafa átt þar takmörkuð réttindi, þ.e. beitarréttindi og fjöður- og eggjatekju o.þ.h.: Gvendarhús, Brekkuhús, Ofanleiti, Heimaey og Kirkjubær.

#### 12. Surtsey

Surtsey myndaðist í eldgosi sem fyrst varð vart á yfirborði sjávar 14. nóvember 1963. Surtsey var friðuð árið 1965 og var friðunin bundin við eldfjallið ofansjávar. Friðlýsingin var endurnýjuð 1974 og 2006, en þá var friðlandið stækkað verulega og nær í dag yfir alla eldstöðina, auk hafsvæðisins umhverfis hana. Friðunin felur m.a. í sér að engum er heimilt að fara þar um nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Fyrirliggjandi heimildir benda ekki til þess að Surtsey hafi verið eða sé undirorpin beinum eignarrétti. Ekki liggja fyrir heimildir um takmörkuð réttindi þar.

#### 13. Þrídrangar

Þrídrangar eru staðsettir um 10 km. vestan Heimaeyjar. Um er að ræða 3-4 dranga, þ.e. Stóridrangur, Háidrangur og Þúfudrangur, en sá fjórði er nafnlaus. Þrídrangaviti stendur á Stóradrangi, en hann var byggður árin 1938-39. Fyrirliggjandi heimildir benda ekki til þess að Þrídrangar hafi verið eða séu undirorpnir beinum eignarrétti. Ekki liggja fyrir heimildir um takmörkuð réttindi þar.

#### 14. Faxasker

Faxasker er staðsett norðaustan Ystakletts. Fyrirliggjandi heimildir benda ekki til þess að Faxasker hafi verið eða sé undirorpið beinum eignarrétti. Ekki liggja fyrir heimildir um takmörkuð réttindi þar.

#### 15. Aðrar nafngreindar landfræðilegar einingar ofansjávar

Hér undir falla aðrar nafngreindar eða að öðru leyti tilgreindar landfræðilegar einingar ofansjávar sem krafa ríkisins tekur til. Er hér stuðst við lýsingar í sóknalýsingu Vestmannaeyjasóknar, sbr. kafla 4 hér að framan, þar sem getið er um ýmsar landfræðilegar einingar, sem nefndar eru boðar, grynningar, sker, drangar o.þ.h. Hér undir falla einnig aðrar landfræðilegar einingar sem eru nafngreindar eða að öðru leyti tilgreindar í öðrum heimildum og/eða á kortum. Um er að ræða eftirfarandi landfræðilegar einingar sem krafa ríkisins tekur til:

- Breki í vestur frá Heimaey.
- Þokuklakkur í vestur frá Heimaey.
- Einidrangar (Einidrangur) og ýmsir boðar á milli Heimaeyjar og Einidranga (Einidrangs).
- Brandskjálki í landsuður frá Brandi.
- Blindsker nafnlaust milli Álfseyjar og Brands.
- Blindsker nafnlaust austan við Hellisey.
- Bessi í útsuður af Bjarnarey.
- Breki milli Bjarnareyjar og Ellireyjar.
- Sandagrúnn í norður af Bjarnarey og Ellirey.
- Vasaflúð norðan við Upsaberg.

- Helgasker milli Helliseyjar og Geldúngs.
- Höskuldarklakkur fyrir austan Ellirey.
- Álfseyjarrið.
- Lágasker í landnorður frá Ystakletti.
- Skellir, sker austan Lágaskers.
- Hnaus, lítið sker vestan við Lágasker.
- Stakkar, þ.e. tvö sker nærri hvort öðru austur af Sæfjalli.
- Ketilsker vestan undir Stórhöfða.
- Þrjú smásker sunnan við Suðurey.
- Eitt sker vestan undir Hellisey.
- Skerjaklasi vestur frá Geldúngi, er nefnist Hundasker, Þúfusker og Bládrángur.
- Ónafngreind sker í útsuður frá Hænu.
- Helgusker milli Hænu og Hana.
- Nafar, sker fyrir vestan Smáeyjar.
- Þrjár drangar með litlu millibili hver frá öðrum norðan undir eiði því, sem er á milli Klifsins og Heimakletts, ónafngreindir.

### 5.3. Ónafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins

Af hálfu íslenska ríkisins er áréttað að auk framangreindra nafn- og tilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar tekur krafa ríkisins jafnframt til allra annarra ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta A, Suðurland. Fyrir liggur að um slík svæði er að ræða, en að um þau er ekki fjallað í heimildum og þau ekki merkt á kort, þannig að unnt sé að nafngreina eða tilgreina þau með öðrum skýrum hætti.

Tekið er fram að áskilinn er réttur til að bæta eyjum, skerjum og öðrum landfræðilegum einingum inn í kafla 5.2 kröfulýsingar þessarar um nafngreind og að öðru leyti tilgreind svæði, eftir því sem heimildaöflun og rannsóknarvinnu vindur fram undir rekstri málsins. Af hálfu ríkisins er lítið svo á að í slíku muni ekki felast aukning á kröfum ríkisins, heldur að svæði séu færð úr kafla 5.3 um ónafngreind og ótilgreind svæði í kafla 5.2 um nafngreind svæði.

### 5.4. Utan kröfu íslenska ríkisins

Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins tekur ekki til þess hluta Heimaeyjar sem þjóðlendukrafa tekur til samkvæmt kafla 5.2 hér að framan, sjá svæði (a)-(d). Þjóðlendukrafa ríkisins nær hins vegar til allra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar á stórstraumsfjöru umhverfis Heimaey, þrátt fyrir að slíkar landfræðilegar einingar kunni í einhverjum heimildum að teljast tilheyrja eyjunni eða vera hluti hennar. Sjá að öðru leyti kafla 5.2 og 5.3 kröfulýsingar þessarar.

## 6. ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum fyrir þjóðlendukröfum á síðari stigum málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd, eftir atvikum með því að færa þjóðlendukröfur inn á kröfukort, svo og til að gera breytingar á kröfulínunum þar sem það á við. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð. Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjálýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins í kröfugerð, að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínur, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 2. febrúar 2024,  
f.h. fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins,

*Edda Andradóttir*

Edda Björk Andradóttir, lögmaður

Óbyggðanefnd  
Borgartúni 29  
105 Reykjavík